



SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS FYRIR AÐALFUND FÉLAGSINS 5. MAÍ 2018

Efnisyfirlit

Krabbameinsfélag Reykjavíkur	3
Krabbameinsfélags Akraness og nágrennis	9
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	10
Krabbameinsfélag Snæfellsness	11
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga (Nær yfir Reykhólahrepp og Dalabyggð)	11
Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum	12
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	13
Krabbameinsfélag A-Hún.....	14
Krabbameinsfélag Skagafjarðar.....	15
Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.....	16
Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga	19
Krabbameinsfélag Austurlands.....	20
Krabbameinsfélag Austfjarða	21
Krabbameinsfélag Suðausturlands	22
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu.....	23
Krabbavörn Vestmannaeyja	24
Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu	25
Krabbameinsfélag Árnessýslu.....	26
Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar	28
Krabbameinsfélag Suðurnesja	31
Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	32
Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur	33
Ný rödd	40
Stómasamtök Íslands.....	41
Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra	43

Krabbameinsfélag Reykjavíkur

Stofnað: 8. mars 1949

Fjöldi félagsmanna: 963 (þar af 44 ævifélagar)

Stjórn:

Formaður: Árni Einarsson

Varaformaður: Ásgerður Sverrisdóttir

Gjaldkeri: Jón L. Árnason

Ritari: Þorbjörg Guðmundsdóttir

Meðstjórnendur: Arnar Hauksson, Birna Guðmundsdóttir, Þórunn Sævarsdóttir

Varamenn: Anna Jóhannesdóttir, Atli Már Sveinsson, Skúli Jón Sigurðarsson

Framkvæmdastjóri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir

Starfsemi:

Stjórnarfundir voru átta milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagráð sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Þrír aðalmenn eru tilnefndir af Krabbameinsfélagi Íslands og tveir frá Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur er starfsmaður ráðsins. Ráðið starfaði ekki á starfsárinu. Ráðið á að marka stefnu í fræðslumálum Krabbameinsfélagsins og leggja fram framkvæmda- og kostnaðaráætlun, þar sem gerðar eru tillögur um helstu verkefni komandi árs. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á samningi félaganna í febrúar 2015. Formenn félaganna hafa verið með málið í vinnslu en vegna mannbreytinga og fleiri þátta er endurskoðun samnings ekki lokið.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Verið er að uppfæra veffræðsluefnið „Blöðruhálskirtilskrabbamein - Leiðbeiningar fyrir karla sem eru nýgreindir með sjúkdóminn“, sem kom út sl. vor. Tekin hefur verið ákvörðun um að prenta fræðsluefnið og þar sem búið var að gera umtalsverðar breytingar á breska efninu sem er fyrirmynd fræðsluefnisins þótti rétt að uppfæra það áður en það yrði prentað. Stuðningshóparnir Frískir menn og Góðir hálsar standa að útgáfu efnisins með aðstoð félagsins og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Einnig stendur til að láta þýða og staðfæra fræðsluefni frá sama breska aðila, Prostate Cancer UK, um krabbamein og kynlíf, sem er sérstaklega unnið fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandendur þeirra. Styrkur fékkst til þessa verkefnis að hluta úr Velunnarasjóðnum. Vinna við gerð fræðsluefnis um næringu og krabbamein í samstarfi okkar, Ráðgjafarþjónustunnar og Landspítala hefur tafist. Krabbameinsfélag Reykjavíkur greiddi prentkostnað fyrir veggspjöldin „10 tilmæli til fagfólks í heilbrigðisþjónustu frá börnum sem eru nánir aðstandendur“ og „Þegar vinnufélagi fær krabbamein“ sem gefið var út í tilefni Bleika mánaðarins. Vinnuhópur var búinn að vinna grunn að ítarlegu fræðsluefni um það að greinast aftur. Sú vinna er

aftur komin í gang í samvinnu við Ráðgjafarþjónustuna. Styrkur fékkst úr Velunnarasjóðnum til að þýða fræðsluefni um réttindi krabbameinssjúklinga fyrir fólk af erlendum uppruna. Byrjað verður á að þýða efnið yfir á ensku og pólsku. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustuna. Fræðslurit Krabbameinsfélagsins, í nýja forminu, eru átta talsins en mörg rit eru til viðbótar eingöngu á vefsíðu Krabbameinsfélagsins svo og annað fræðsluefni sem Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur aðstoðað við að útbúa með yfirlestri og fleiru.

Tóbaksvarnir og fl.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur staðið fyrir reykleysinámskeiðum þar sem þátttakendur hittast átta sinnum á þriggja mánaða tímabili. Að námskeiði loknu er þátttakendum fylgt eftir í eitt ár. Því miður var ekki næg þátttaka til að halda námskeið á starfsárinu en til stendur að halda námskeið í Keflavík fyrir Ícelandair. Leiðbeinandi er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur sem veitir einnig einstaklingsráðgjöf. Ingibjörg svarar fyrirspurnum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Einnig hefur hún verið ráðgefandi varðandi fræðsluefni tengt tóbaksmeðferð. Félagið vannur náið með Ráðgjöf í reykbindindi (Reyksímanum á Húsavík). Í Mottumars 2017 var haldin keppnin „Hættu nú alveg“ í samstarfi Krabbameinsfélags Íslands, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafar í reykbindindi þar sem keppt var í tóbaksbindindi. Alls skráðu sig til keppni 60 einstaklingar og meirihlutinn eða 58% náði að verða tóbakslaus frá 29. mars til 2. maí. Sigurvegari keppinnar var dreginn út að lokinni keppni og sá heppni var einstaklingur sem hætti að reykja eftir 50 ár. Karlar voru í miklum meirihluta keppenda eða 72%. Flestir keppenda notuðu sígarettur eða 47%. Munntóbak notuðu 42%, 18% rafsígarettur og 8% neftóbak. Þó nokkrir notuðu fleiri en eina tegund tóbaks. Meðalaldur keppenda var 35 ár en elsti keppandinn var 72 ára og sá yngsti 16 ára. Fjórðungur keppenda valdi að vera áfram í stuðningi hjá Ráðgjöf í reykbindindi.

Félagið hefur boðið aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins að aðstoða þau ef þau vilja standa fyrir reykleysinámskeiðum á sínum félagasvæðum.

Fræðsla og forvarnir, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Íslands, Samstarf félagasamtaka í forvörnum stóðu að útgáfu fræðslumyndbands um rafsígarettur. Netefni þetta hentar vel til fræðslu í efstu bekkjum grunnskóla, í framhaldskólum og fyrir foreldrafélög en margar beiðnir hafa borist frá skólum um fræðsluefni.

Áfram hefur verið unnið að verkefninu „Líf án tóbaks“. Árni formaður félagsins og Guðlaug framkvæmdastjóri hafa á starfsárinu unnið með Jóni Steinari Jónssyni heilsugæslulækni og Karitas Ívarsdóttir ljósmóðir ásamt Jóhönnu S. Kristjánsdóttur frá Ráðgjöf í reykbindindi. Verið er að samstillta alla aðila sem koma að verkefninu og undirbúa stuttar fræðslumyndir með skilaboðum til ófrískra kvenna sem nota tóbak eða nikótín á meðgöngu. Norræn félagasamtök í tóbaksvörnum funda reglulega og hafa með sér margvíslegt samráð. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í þessu samstarfi sem hefur verið ákaflega gefandi. Í

mars 2017 var hópurinn með norrænt innlegg á evrópsku tóbaksvarnarráðstefnunni „Tobacco or Health“ sem haldin var í Portúgal. Á þeim fundi var hópurinn hvattur til að sækja um að komast á heimsráðstefnuna í tóbaksvörnum. Umsókn hópsins um að fá að vera með erindi þar var valin úr miklum fjölda umsókna. Ráðstefnan var haldin í Höfðaborg í Suður-Afríku núna í mars. Þar fjallaði hópurinn um aðferðir og áhrif tóbaksiðnaðarins á Norðurlöndum.

Í tengslum við norræna samstarfið í tóbaksvörnum var Guðlaug beðin um að vera með erindi um stöðu Íslands í tóbaksvörnum á stórrí samskiptaráðstefnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem haldin var í september sl. í Eskilstuna í Svíþjóð.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur sendi í maí sl. inn umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tóbaksvarnir. Félagið fagnaði frumvarpinu en mælti eindregið með því að breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu þannig að það tæki líka á rafsígarettum án nikótíns og hvatti Alþingi til að ganga lengra en evrópsku tilskipanirnar segja til um og fara þá leið sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leggur til, þ.e. að sömu reglur gildi sem víðast um rafsígarettur með eða án nikótíns. Jafnframt hvatti félagið ráðherra til enn frekari aðgerða í þágu tóbaksvarna á Íslandi þannig að hægt væri að taka næstu skref á því sviði. Nýlega fékk félagið veglegan styrk frá velferðarráðuneytinu til að útbúa fræðsluefni fyrir efsta bekk grunnskóla og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu um rafsígarettur, miðla því til þeirra og um leið safna saman viðhorfum ungmenna til rafsígarettar.

Guðlaug situr í fagráði landlæknis um tóbaksvarnir.

Í maí sl. var haldið málþing um áfengi – heilsu og samfélag sem Fræðsla og forvarnir (FRÆ), stóð að í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands og Krabbameinsfélag Reykjavíkur, IOGT á Íslandi, Samstarf félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis. Málþingið sem var vel heppnað, var tvískipt, annars vegar var fjallað um áfengi og heilsu og þar með þekkt áhrif á ýmsa sjúkdóma svo sem krabbamein og hins vegar um áfengi og samfélag. Árni formaður félagsins leiddi þessa vinnu.

Guðlaug tók vorið 2017 þátt í vinnu við umsögn Krabbameinsfélagsins við frumvarp sem felur í sér afnám einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og heimilar áfengisauðglýsingar. Var í umsögninni bent sérstaklega á tengsl krabbameins og áfengis og alþingismenn hvattir til að fella frumvarpið. Guðlaug kom fyrir allsherjar- og efnahagsnefnd fyrir hönd Fræðslu og forvarna til að fylgja umsögn eftir um sama frumvarp þar sem varað var sterklega við því.

Hættan er ljós og samnorrænt átak

Fjórtán ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embættis landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefna hópsins er að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr

almennt notkun ljósabekkja. Árlega er gerð könnun átakshópsins á ljósabekkjanothkun landsmanna og haldið er áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Geislavarnir ríkisins hafa frá árinu 2005 staðið fyrir talningu á ljósabekkjum sem almenningi er seldur aðgangur að á landsvísu. Árið 2005 voru þeir 277 en voru 90 árið 2017. Tölur þessar veita innsýn í ljósabekkjanothkun landsmanna. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini. Norræna samstarfið felst í því að bæta upplýsingar um öryggi í sólinni og hvernig skynsamlegt er að njóta sólarinnar á sem öruggastan hátt. Guðlaug, í samstarfi við Geislavarnir ríkisins, hefur svarað erlendum fyrirspurnum og könnunum.

Bleiki mánuðurinn

Í bleika mánuðinum, í október 2017, var aðstoðað við yfirlestur gagna og setnir samráðsfundir og tekið þátt í verkefnum sem tengdust mánuðinum.

Nemendur og skólar

Starfsfólk félagsins aðstoðar nemendur, kennara framhaldsskóla og háskóla og fleiri við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Samstarf félagasamtaka í forvörnum

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, SAFF, hefur umsjón með ýmsum verkefnum í forvörnum. Um 25 samtök standa að SAFF. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn samtakanna.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í „Viku 43“ sem SAFF stendur fyrir. Vikan er vettvangur þeirra sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum. Í „Viku 43“ var haldið áfram frá árinu á áður að beina sjónum að rafsígarettum. Það er mikið áhyggjuefni hversu algengt það er meðal ungs fólks að hafa prófað að nota rafsígarettur og mikil ógn við þann góða árangur sem náðst hefur í reykingaforvörnum meðal barna og ungmenna. SAFF lét gera könnun sl. haust á viðhorfum almennings til rafsígarettar. Niðurstöður úr könnuninni sem Gallup gerði, verða nýttar núna í umsögnum um frumvarp heilbrigðisráðherra um rafsígarettur. Um 80% þeirra sem svöruðu könnuninni vildu að rafsígarettur féllu undir tóbaksvarnarlæg.

Félagið er einnig þátttakandi í áttakinu „Verum vakandi“ sem er vakningarátak sömu aðila og standa að Viku 43 og snýr að skaðsemi kannabis undir yfirskriftinni „Bara gras?“.

Vefsíðumál og og samfélagsmiðlar

Fésbókarsíða Krabbameinsfélag Reykjavíkur er notuð til koma á framfæri því sem félagið stendur fyrir og til að styrkja stöðu þess. Guðlaug situr í vefstjórnunarhópi hjá Krabbameinsfélagi Íslands og áréttaði þar áður sendar hugmyndir um betrubætur og

athugasemdir varðandi vefsíðu Krabbameinsfélags Íslands, m.a. að fréttum yrði gert hærra undir höfði.

Stuðningur við sjúklinga

Tveir stuðningshópar starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum (áður krabbamein í eggjastokkum). Hvor hópur um sig hittist reglulega á rabbfundum og fræðslufundum, karlahópurinn fyrsta miðvikudag í mánuði og kvennahópurinn síðasta miðvikudag í hverjum mánuði á veturna. Hóparnir hafa undanfarin ár haldið sameiginlegan aðventufund þar sem rithöfundar hafa komið og lesið úr bókum sínum og boðið er upp á tónlistar- og skemmtiatriði. Góðir hálsar hafa frá upphafi tekið þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlurnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast um gildi jafningjastuðnings. Verkefnið er unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Fríska menn og Kraft.

Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum hefur að undanfögnu notið góðrar aðstoðar og stuðnings Reynis Tómasar Geirssonar sérfræðings í kvensjúkdómum og fyrrverandi prófessors. Báðir hóparnir hafa tekið þátt í samstarfsfundum stuðningshópanna sem Ráðgjafarþjónustan boðar til.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðsluefnis, árskýrlna, yfirlestur, við skipulag funda og fleira.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru ellefu, samtals um tæpar 980 þúsund krónur.

Happdrættið

Tekjum af happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur í rúmlega sextíu ár verið varðið í fræðslu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir byggist að miklu leyti á happdrættisfé og að happdrættið eigi sinn þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum síðustu áratugi. Heildarsala happdrættismiða í sumarhappdrættinu 2017 var aðeins lakari en árið á undan, en sölutölur í jólahappdrætti voru ívið betri. Verð á happdrættismiðunum var hækkað á síðasta ári og komu því happdrættin betur út tekjulega séð. Vinningsbíll var í sumarhappdrættin í Kringlunni og í jólahappdrættinu í Smáralind og þar fóru fram sala á lausasölumiðum. Kynning og auglýsingar voru í fjölmiðlum og á Facebook. Sala miða í netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót. Póstburðargjöld eru orðin verulega íþyngjandi og taka þarf útsendingarhópinn í hvert skipi til endurskoðunar.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um 5,5 milljónir króna. Kostnaður við fræðslustarfsemi félagsins var tæpar 15 milljónir króna. Árið 2017 skilaði happdrættið félaginu um 22,8 milljónum króna í tekjur. Aðrir tekjuliðir, eru félagsgjöld og merkjasala, auk vaxtatekna

og styrkja. Merkjasalan var fyrstu helgina í september. Seldir voru pennar, bílapvottapokar og bílrúðusköfur með merki Krabbameinsfélagsins.

Samstarf við ýmsa aðila

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur átt afar fjölbætt samstarf við Krabbameinsfélag Íslands og snertifletir félaganna eru fjölmargir. Gjaldkeri Krabbameinsfélags Reykjavíkur, Jón L. Árnason, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Það á að hafa það hlutverk að efla, samhæfa og hafa yfirumsjón með fjáröflun Krabbameinsfélags Íslands, svæðafélaga þess og stuðningshópa. Mjög mikilvægt er að það sé virkt til að vinna að því að forðast skörun í fræðsluátökum og fjársöfnunum aðildarfélaga og Krabbameinsfélags Íslands.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 6. maí 2017. Hefðbundin aðalfundarstörf voru fyrir hádegi en eftir hádegi hópavinna um stefnu og verkefni Krabbameinsfélagsins til framtíðar. Formannafundir Krabbameinsfélaganna voru tveir á starfsárinu. Sá fyrri var á vegum Krabbameinsfélags Borgarfjarðar og var haldinn 23. september 2017 í Borgarnesi. Árni formaður fór á þann fund. Kynnt var hvað væri á döfinni hjá Krabbameinsfélagi Íslands og Ráðgjafarþjónustunni og haldið var áfram að vinna með umræður frá aðalfundinum í maí. Seinni formannafundurinn var haldinn í Skógarhlíðinni 24. febrúar sl. Þar var fjallað um margumrætt velunnarkerfi, nýtingu framlaga velunnara og kynning á væntanlegum Mottumars. Árni og Guðlaug sóttu fundinn.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur átt gott samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, hefur aðstoðað við afleysingar í sumarfríi starfsmanna, við útgáfumál o.fl. Húsnefnd hefur ekki verið starfandi að undanfögnu. Krabbameinsfélag Reykjavíkur á 15% í húseigninni að Skógarhlíð 8.

Mörg verkefni félaganna hafa verið unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Guðlaug hefur aðstoðað við útgáfu ársskýrslu Krabbameinsfélagsins. Guðlaug aðstoðaði í vetur Ragnheiði Haraldsdóttur fyrrverandi forstjóra Krabbameinsfélags Íslands, en hún hefur verið formaður norrænu krabbameinssamtakanna (NCU) undanfarin þrjú ár, við undirbúning síðustu Íslandsheimsóknar samtakanna í formannstíð Krabbameinsfélags Íslands.

Guðlaug var sl. vor skipuð í stjórn Almannaheillasamtaka Íslands sem fulltrúi Krabbameinsfélagsins. Guðlaug situr einnig í stjórn Fræðslu og forvarna (FRÆ). Krabbameinsfélög Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafa á undanfögnu árum af og til rætt um samvinnu. Frá því í haust hafa stjórnir félaganna hist reglulega og unnið að undirbúningi að því að sameina félögin undir nafninu Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir og Árni Einarsson.

Krabbameinsfélags Akraness og nágrennis

Stjórn og kjörnir fulltrúar

Formaður	Sólveig Ásta Gautadóttir
Gjaldkeri	Alma Auðunsdóttir
Meðstjórnendur	Jóna Björk Sigurjónsdóttir
	Auður Finnbogadóttir
	Arndís Halla Jóhannesdóttir

Auk stjórnar var Thelma Björk Sigurbjörnsdóttir kjörin skoðunarmaður reikninga. Stjórnin fundaði nokkrum sinnum á árinu ásamt því að vera í tölvupósts samskiptum á milli funda.

Styrkir

Félagið áhvað að hækka styrki til einstaklinga í 100.000,- eða um 25.000,- Átta einstaklingar fengu styrk á árinu.

Heilsuefling

Bára hefur verið með yoga alla föstudaga sem hefur verið vel sótt. Þar hefur myndast góður hópur, 10-12 manns sækja tímana og njóta þau stuðnings hvors annars. Eitt skiptið vorum við með kaffihúsa stemningu eftir yoga tímann sem vakti mikla lukku og verður klárlega endurtekið.

Bleika slaufan

Félagið stóð fyrir bleikri göngu 13.10.2017 og tilnefndum við Lovísu Jóhannesdóttur slaufubera ársins.



Lovísa hér fyrir miðju ásamt Ölmv tv. og Sólveigu Ástu th.

Lokaorð

Það sem stendur uppúr á liðnu ári er klárlega Bleika gangan, hún var vel sótt. Kvenna kórinn Ymur söng nokkur lög og vorum við með happadrætti að göngu lokinni.

Við kvöddum einn stjórnarmeðlim hana Arndísi Höllu Jóhannesdóttur, en hún kvaddi langt fyrir aldur fram. Blessuð sé minning hennar.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar

Stofnað: 1970

Fjöldi félagsmanna: ca 240 verið að yfirfara

Stjórn:

Formaður: Sóley Sigurþórsdóttir

Ritari: Helga B Þorsteinsdóttir

Gjaldkeri: Guðrún Helga Andrésdóttir

Meðstjórnendur: Árni Ingvarsson og Jónmundur Hjörleifsson

Starfsemi:

Stjórn félagsins fundaði nokkrum sinnum á árinu. Tveir fulltrúar félagsins fóru á aðalfund KÍ í maí.

Ákveðið var að ráðast ekki í fjáröflun á haustdögum vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins. Formannafundur KÍ var haldinn á Hótel Hamri við Borgarnes í lok september og þangað fór fráfarandi formaður Sigríður H Skúladóttir.

Aðalfundur var haldin 14. nóvember. All góð mæting var á fundinn og urðu nokkrar mannbreytingar í stjórn. Á fundinum flutti Sigrún Elva fróðlegt erindi sem bar heitið „ Þegar vinnufélagi fær krabbamein“.

Eitt aðalmarkmið félagsins er og hefur verið að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu, veita styrki og greiða fyrir húsaleigu.

Sem endranær á félagið marga velunnara sem láta stórt og smátt af hendi rakna til okkar og er því fjárhagsstaða félagsins vel viðunandi.

Sóley Björk Sigurþórsdóttir

Formaður Krabbameinsfélags Borgarfjarðar.

Krabbameinsfélag Snæfellsness

Stofnað: 27. september 2005.

Félagsmenn: Um 85.

Stuðningshópur: Von: Upplýsingar gefur Margrét Hjálmarsdóttir, sími 864 1767.

Stjórn kosin 28. apríl 2015:

Formaður: Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hellnum, 356 Snæfellsbæ 866 5237 bros88@simnet.is

Ritari: Guðmunda H. Þórðardóttir, Bárðarási 1, Hellissandi

Gjaldkeri: Magnea Sigurbjörg Kristjánsdóttir, Snæfellsnessýslu

Meðstjórnandi: Svanborg Siggeirsdóttir, Stykkishólmi

Meðstjórnandi: Margrét Hjálmarsdóttir, Grundarfirði

Starfsemi:

Stuðningshópurinn Von í Grundarfirði hefur eins og undanfarin ár haldið sína mánaðarlegu fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Að venju hefur félagið tekið þátt í dvalarkostnaði vegna lækninga fjarri heimabyggð.

Engir stjórnarfundir né aðalfundur hafa verið haldnir. Þeim málum sem komið hafa upp hefur formaður og/eða gjaldkeri sinnt. Kanna þarf á næsta ári hvort einhver áhugi og þörf er fyrir áframhaldandi félagsstarf eða hvort og þá hvernig eigi að leggja félagið niður.

Sveinbjörg Eyvindsdóttir

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga (Nær yfir Reykhólahrepp og Dalabyggð)

Stofnað: 19. okt. 2005

Fjöldi félagsmanna: 30

Stjórn:

Formaður: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir Mýrartungu II 381 Reykhólahreppi

Ritari: Þrúður Kristjánsdóttir Sunnubraut 19 370 Búðardal

Gjaldkeri: Ingibjörg Kristjánsdóttir Króksfjarðarnesi, 381 Reykhólahreppi

Meðstjórnendur: Edda Tryggvadóttir, Búðardal, Indíana Ólafsdóttir Reykhólum

Starfsemi:

Við styðjum sjúklinga með krabbamein úr okkar heimabyggð og aðstandendur þeirra með fjárframlögum og greiðslu húsaleigu í Reykjavík vegna veikinda. Þetta kynnum við með því að senda auglýsingu á hvert heimili og einnig á vef sveitarfélaganna, þar sem eru upplýsingar um félagið. Lögðum fram 150.000 kr til viðhalds íbúðanna á Rauðarárstíg. Einnig höfum við lofað styrk til grunnskólanna til að efla forvarnarstarf. Við höldum einn opinn

fræðslufund eða námskeið árlega um krabbameinsvarnir. Árið 2017 Hélt Gunnjóna Una örnámskeið í Hugrænni atferlismeðferð í tengslum við aðalfundinn og félagið gaf öllum þátttakendum rit hennar um það efni. Við lýsum upp stofnanir á svæðinu með bleiku ljósi í október og seljum bleiku slaufuna . Erum svo með fjáraflanir með ýmsu móti. Við höldum aðalfund árlega og nokkra stjórnarfundi í síma. Enginn starfsmaður er á launum. Stjórnin sér um það sem gera þarf.

Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum

Stofnað:

Fjöldi félagsmanna: 355

Stjórn:

Formaður: Helena Hrund Jónsdóttir

Ritari: Þórir Guðmundsson

Gjaldkeri: Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Meðstjórnendur: Hlynur Kristjánsson og Auður Ólafsdóttir

Starfsemi 2017:

Að vanda var unnið fjölbreytt starf hjá Sigurvon á árinu 2017. Meginhlutverk félagsins er að styðja við bakið á krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra, bæði fjárhagslega og með andlegum stuðningi. Þess fyrir utan var ýmislegt í gangi yfir árið og verður stiklað á því stærsta hér á eftir.

Í Mottumars stóð stjórn félagsins fyrir listaverkauppboði í fjáröflunarskyni í fyrsta sinn sem vakti bæði athygli og lukku. Þá fékk það til að mynda talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Sjö listamenn lögðu til listaverk af ýmsu tagi sem sýndi bæði víddina í vestfirskri list og góðvild skapara hennar þar sem allir voru boðnir og búnir að gefa verk sín í þágu góðs málstaðar. Uppboðið var opið allan mánuðinn og var haft opið „kaffihús“ einn laugardag þar sem gestir gátu komið og skoðað verkin. Einnig var hægt að skoða þau á opnunartíma þjónustumiðstöðvarinnar, þar sem þau voru til sýnis. Skipuleggjendur uppboðsins uppfærðu svo hæsta boð jafnóðum á síðu félagsins eða þegar ný boð bárust svo að fólk gat fylgst vel með allan tímann.

Öll verkin seldust og ágóðinn fór óskertur í starfsemi félagsins. Verkin voru eftir Pétur Guðmundsson, Berglindi Höllu Elíasdóttir, Marsibil Kristjánisdóttur, Guðrúnu Sigríði Matthíasdóttur, Ólafíu Kristjánisdóttur og Reyni Torfason ásamt ljósmyndaranum Ágústi G. Atlasyni. Þá bauð jafnframt hönnuðurinn Oddur Andri félaginu að selja hönnun sína að bindisherðatrjám í fjáröflunarskyni.

Í ágúst hlupu um þrjátíu manns í þágu Sigurvegarar í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka. Í þakklætisskyni kom félagið upp hvarningarstöð Sigurvegarar á horni Lækjargötu og Hverfisgötu þar sem hlaupurum var boðið upp á hressingu í boði frá kærum styrktaraðilum í Nettó, Örnú og Vífilfelli á Ísafirði /Bolungarvík.

Hátt í hundrað manns sóttu bleikt boð á vegum Krabbameinsfélagsins Sigurvegarar í Eðinborgarhúsinu á Ísafirði í október. Þórunn Pálsdóttir, formaður Sigurvegarar flutti erindi um fræðsluáttak Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands um það hvernig hægt sé að bregðast við er vinnufélagi greinist með krabbamein. Mjög góð stemning var á kvöldinu og frábær skemmtiatriði í boði en vestfirska tónlistarfólkið Freyja Rein og Hjörtur Traustason spiluðu fyrir gesti. Einnig var haldið happdrætti með afar rausnarlegum vinningum frá eftirfarandi: Húsinu, Hamraborg, Jóni og Gunnu, Hárstofunni Maríu, Ametyst, Þristi, Sundlaug Bolungarvíkur, Félagsheimilinu í Bolungarvík, aðstandendum jólatónleikanna „Eitthvað fallegt“, aðstandendum Hellisbúans - á túr um landið, Snyrtistofunni Punt og Fjólubláu húfunni.

Í október var Heiðrúnu Björnsdóttur jafnframt afhent með viðhöfn fyrsta bleika slaufan á Vestfjörðum í þakkarskyni fyrir störf sín í þágu Krabbameinsfélagsins Sigurvegarar. Heiðrún hefur starfað fyrir Sigurvegarar frá endurstofnun félagsins árið 2001 en starfsvæði þess eru norðanverðir Vestfirðir og Strandir. Fyrir þónokkrum árum kom hún ásamt Guðbjörgu Ólafsdóttur á fót stuðningshópnum Vinum í von fyrir einstaklinga með krabbamein og aðstandendur þeirra. Hópurinn var að vanda með öflugt starf á árinu en hann hittist annan hvern laugardag í aðstöðu Vinnuvers.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs

Stofnað: 13. október 1968

Félagsmenn: Um 70

Stjórn:

Formaður: Geir Karlsson, Spítalastíg 5, 530 Hvammstanga 432 1300 geir.karlsson@hve.is

Ritari: Jóna G. Ármannsdóttir Laxárdal, 500 Stað

Gjaldkeri: Sigurbjörg Geirsdóttir, Búrfelli, 531 Hvammstanga

Meðstjórnandi: Malín Sigurbjörg Karlsdóttir, Melavegi 16, 530 Hvammst.

Meðstjórnandi: Elsche Apel, Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstanga

Tekjur hafa verið af sölu minningarkorta og smávöru, ásamt beinum styrkjum frá fyrirtækjum, félögum og einstaklingum. Annað hvert ár hefur svo verið haldinn hinn vinsæli „Sláturbasar Krabbameinsfélagsins“ þar sem selt er slátur sem félagsmenn og velunnarar hafa búið til, en einnig ýmis annar varningur sem sem einstaklingar í héraðinu gefa, yfirleitt

eitthvað sem þeir eru að búa til eða rækta sjálfir. Fyrirtæki á staðnum gefa allt hráefni til sláturgerðarinnar.

Veittir voru styrkir til krabbameinssjúklinga, til að standa straum af lækni- og rannsóknakostnaði sem hið opinbera greiðir ekki. Félagið hefur í gengum árin styrkt forvarnarverkefni í skólum og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga með tækjakaupum.

Krabbameinsfélag A-Hún.

Stofnað á Blönduósi 2. nóvember 1968.

Félagsmenn um 200.

Stjórn kosin 2017:

Formaður: Sveinfríður Sigurpálsdóttir, Brekkubýggð 11, 540 Blönduós, s. 862 4528
sveinfridur@simnet.is

Gjaldkeri: Jökulrós Grímsdóttir, Bogabraut 3, 545 Skagaströnd

Ritari: Kristín Rós Sigurðardóttir, Tindum, 541 Blönduós

Meðstjórnandi : Margrét Einarsdóttir , Árbraut 12, 540 Blönduós

Meðstjórnandi : Viktoría Erlendsdóttir, Árbraut 18, 540 Blönduós

Starfsemi:

Krabbameinsfélagið í Austur-Húnavatnssýslu hefur nú í nóvember á árinu 2018 starfað linnulaust í hálföld og félagið er að sjálfsögðu eitt af aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands. Verður þessara tímamóta minnst síðar. Ekki er sjálfgefið að félög starfi svona lengi en það gerir Krabb. A-Hún. sem stytting á nafninu og er með aðsetur á Blönduósi en þjónar fólki í allri austur sýslunni ef á þarf að halda. Félagið hefur ávallt fundið fyrir velvilja og stuðningi frá íbúum héraðsins á vegferð sinni til fjáröflunar og eins þeirra sem hafa flutt burtu og eru enn félagar. Með haustsölu sem er til að afla fjár, eru þar ýmsir hlutir seldir svo og minningarkortin auk félagsgjalda sem eflir starfsemi þess. Árlega veitir félagið styrki í formi þess að greitt hefur verið fyrir dvöl í íbúðum KÍ og fl. til þeirra félaga sem eru í meðferð og einnig veittir styrkir til þeirra félaga sem aukist hefur að þurfa að fara erlendis til lækninga í svokallaðan Jáeindaskanna í Danmörku en hann er ekki enn tilbúinn til notkunar í Reykjavík. Nýlega voru útbúnar styrktarreglur af stjórn um hvernig styrkjum skuli hagað til þess að auðvelda ferlið við kostnað og veitingu þeirra og voru reglurnar samþykktar á aðalfundi 2017.

Að venju og til að minna á átak KÍ gegn krabbameini, voru fengnar bleikar filmur í októbermánuði til að lýsa upp en það voru kirkjan á Skagaströnd, Bólstaðarhlíðarkirkja við Þjóðveginn auk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Blönduósi einnig við Þjóðveg 1 sem voru lýstar upp.

Stjórnin saknar þess að fá ekki inn fleiri velunnara úr því kerfi og vonar að úr rætist, þar sem á vefnum krabb.is er bæði hægt að gerast félagi og velunnari okkar félags sem ekki veitir af til þess að félagið standi áfram undir nafni og auðnist að veita góða fyrirgreiðslu.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir, formaður.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar

Félagið var stofnað 12. júní árið 1966.

Félagsmenn eru ríflega 500.

Þjónustuskrifstofa er á Heilbrigðisstofnunni á Sauðárkróki.

Starfsmaður er María Reykdal.

Símar 453 6030 og 863 6039. Netfang skagafjordur@krabb.is. Vefsíða krabb.is/skagafjordur.

Stuðningshópur: Dugur.

Stjórn félagsins:

Formaður: Dalla Þórðardóttir.

Varaformaður : Guðmundur Gunnarsson

Ritari: Sara Valdimarsdóttir

Gjaldkeri: Helga Gígja Sigurðardóttir

Meðstjórnandi: Ágústa Eiríksdóttir

Meðstjórnandi: Þorsteinn Þorsteinsson

Nýmæli í starfsemi félagsins er það að sett hefur verið upp facebooksíða og er hún talsvert notuð og mun meira en síða félagsins undir Krabbameinsfélagi Íslands. Í ljós kom að fólk nýtti sér ekki þann möguleika og var e.t.v um að kenna ókunnugleika.

Í vetur hafa verið nokkuð reglulegir samtalsfundir í safnaðarheimili Sauðárkróskirkju. Sr. Halla Rut Stefánsdóttir stýrði starfi í haust og nú hefur María Reykdal tekið við því verkefni. Stjórn félagsins vissi af því að bæði þau sem voru í meðferð og aðstandendur þráðu að fá vettvang til að hittast og geta rætt um stöðu sína við þau sem í svipuðum aðstæðum eru. Einnig er mikil þörf fyrir vettvang fyrir vini þeirra sem greinast og almenna borgara. Fólk þarf stað til að fræðast og til að tala.

Í fyrri skýrslum hefur verið getið um þann almenna áhuga og velvilja sem Krabbameinsfélag Skagafjarðar nýtur. Sá áhugi birtist greinilega í þeim fjölda íbúa sem hafa gengið í félagið og enn er þeim að fjölga. Velviljinn kemur einnig glöggt fram í liðsinni félaga og einstaklinga í firðinum.

Hinn 15. mars var boðað til mottumarssamkomu í Menningarhúsi Skagfirðinga í Miðgarði. Félagar í Kiwanisklúbbnum Drangey stóðu fyrir henni og var hún í raun haldin til að halda upp á 40 ára afmæli klúbbsins. Í tilefni sérhvers stórafmælis hafa félagarnir ákveðið að gefa samfélaginu stóra gjöf og hafa fengið aðra hópa og einstaklinga til aðstoðar. Við þetta tækifæri voru fulltrúar 50 fyrirtækja heiðraðir og hlutu þeir þakklætisvott fyrir aðstoð og framlög.

Þorsteinn Þorsteinsson læknir og Steinunn Fjóra Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur kynntu samstarfsverkefni heilbrigðisstofnunarinnar og Kiwanisklúbbsins í leit að ristilkrabbameini. Sl. fjögur ár hefur staðið yfir áttak þar sem ákveðnum árgöngum er boðið að koma til skoðunar. Athygli vekur að þátttaka hefur dvínað í verkefninu þrátt fyrir það árlega sýna niðurstöður speglunarinnar að margir þurfa að láta fjarlægja sepa úr ristli.

Niðurstöður þessar vöktu athygli fundarfólks og var nokkuð um spurningar úr sal.

Kiwanismenn báru fram kaffiveitingar að að lokum steig Karlakórinn Heimir á svið og söng nokkrar perlur úr safni sínu.

Aðalfundur félagsins var haldinn á Löngumýri 9. apríl 2018 og var stjórnin endurkjörin.

Dalla Þórðardóttir.

Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis

Félagið er stofnað 21. nóvember 1952.

Skrifstofa: Glerárgötu 24, 600, Akureyri. s. 461 1470,

Netfang: kaon@simnet.is Skráðir félagsmenn árið 2017 eru 1480.

Stjórn:

Hlíf Guðmundsdóttir, formaður

Dóróthea Jónsdóttir, varaformaður

Jón Þ. Óskarsson, gjaldkeri

Friðrik Vagn Guðjónsson, meðstjórnandi

Lilja Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Guðbjörg Antonsdóttir, ritari

Anna Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Hólmfríður Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

Ólöf Elfa Leifsdóttir, meðstjórnandi

Skrifstofa KAON

Skrifstofan er staðsett í leiguhúsnæði að Glerárgötu 24 á Akureyri og er opin mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 13:00 til 16:00 auk þess sem boðið er upp á viðtalstíma utan opnunartíma á skrifstofunni. Símatími er þessa sömu daga frá kl. 13:00-16:00. Starfsmenn eru tveir og skipta á milli sín 100% stöðu. Framkvæmdastjóri, Halldóra Björg Sævarsdóttir textílkennari og Katrín Ösp Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur auk þess sem Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari, Magnfríður Sigurðardóttir iðjuþjálfari og Brynjólfur Ingvarsson geðlæknir sem eru sjálboðaliðar starfa í nánnum tengslum við félagið. Frá og með 15. ágúst bættist við ný staða þegar Regína Ólafsdóttir sálfræðingur var ráðin í 40% starf. Vegna mikilla vaxta hjá félaginu hækkaði starfsprósentan hjá Halldóru og Katrínu í 70% frá 1. desember.

Fundir

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 9 bókaða stjórnarfundum á árinu 2017.

Aðalfundur KAON

Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 25. apríl 2017. Stjórn lagði fram tillögu um að árgjald til félagsins yrði 3.300 kr. og var sú tillaga samþykkt. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins að þessu sinni.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands

KAON átti tvo fulltrúa á aðalfundi KÍ að þessu sinni.

Samráðsfundir

Starfsmenn sóttu tvo samráðsfundi starfsmanna svæðaskrifstofa KÍ.

Formannafundur

KAON átti þrjá fulltrúa á formannafundi KÍ árið 2017.

Starfsemin

Mjög öflug starfsemi er rekin á vegum og í tengslum við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Skráðar heimsóknir á skrifstofu KAON á árinu 2017 hafa aukist til muna og eru um 1240. Þetta eru einstaklingar sem sækja Opið handavinnuhús, slökun, jóga og liðkandi æfingar, karlahittingurinn auk fræðslufunda og námskeiða sem haldin eru á vegum KAON. Einnig er hópastarf fyrir ekkjur og ekkla, aðstandendur, leshópur og út í lífið, hópur fyrir konur. Í hverri viku sækja u.þ.b. 15 einstaklingar samveru á Keramikloftinu, þannig að þeir sem sóttu fjölbreytta þjónustu á vegum félagsins árið 2017 eru u.þ.b. 1500 einstaklingar.

Fræðsla/fundir o.fl.

Starfsmenn sinna ýmiskonar fræðslu sem tengist forvörnum, stuðningi og kynningu á starfsemi félagsins, fyrir hópa, einstaklinga og heilbrigðisstarfsfólk. Opinn dagur var haldinn í tilefni af Bleika deginum og Mottumarsdeginum. Jólakransagerð var fyrir handavinnuhópinn og ungmenni og aðstandendur.

Endurhæfing

KAON bauð krabbameinssjúkum upp á jóga og slökun alla fimmtudaga í húsnæði félagsins sem Katrín og Regína skiptust á að vera með.

Vatnsleikfimi í innilaug Sundlaugar Akureyrar tvisvar í viku sem Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari sér um.

Einstaklingsþjálfun í samstarfi við sjúkraþjálfara á Bjargi tvisvar í viku

Opið handavinnuhús

Opið handavinnuhús er í boði alla fimmtudaga frá kl. 13-16 og hefur verið mjög vel sótt. Umsjón hefur Halldóra Björg Sævarsdóttur textílkennari og er boðið upp á samveru þar sem fólk getur komið með handavinnu og spjallað saman yfir kaffibolla. Auk þess sem sérstök fræðsla um valin verkefni hefur verið nokkrum sinnum í vetur í tengslum við Opna húsið.

Keramikloftið

Á hverjum miðvikudegi frá kl. 13-18 hittist fólk á Keramikloftinu. Þar er hægt að vinna með gler, mosaik, keramik o.fl. Þessi samvera hefur gefist vel og hefur verið mjög vel sótt. KAON hefur stutt við þessa starfsemi með ýmsu móti frá byrjun.

Karlahópur

Þeir hittast alla laugardaga og spjalla og eru með fræðslufundi.

Viðtöl og stuðningur við skjólstæðinga

Skráð viðtöl, tölvupóstur og símtöl eru um 650. Starfsmenn hafa frá árinu 1998 haldið utan um fjölda viðtala á skrifstofunni.

Stoma

Stomasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.

Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík.

KAON greiðir nú reikninga fyrir afnot af íbúðum og dvöl á sjúkrahóteli að fullu og er þetta alltaf verulega stór útgjaldaliður hjá félaginu.

Tekjur/ Fjáraflanir

Helstu tekjur félagsins fyrir utan rekstarstyrk frá KÍ sem greiðir helming af launum tveggja starfsmanna og verkefnisstyrk sem gerir okkur kleift m.a. að halda námskeið fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur, eru félagsgjöldin og styrkir sem félaginu bárust frá félagasamtökum og einstaklingum á árinu. Sú velvild og stuðningur sem allir þessir fjölmörgu aðilar sýna okkur er ómetanlegur og gerir okkur kleift að styðja á margvíslegan hátt við bakið á þeim íbúum á okkar félagssvæði sem greinast með krabbamein og aðstandendum þeirra. Öllum þessum aðilum færum við innilega þakkir. Án þessa stuðnings væri þetta ekki mögulegt.

Húsnæði

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur í mörg ár leigt 110 fermetra húsnæði að Glerárgötu 24. Salurinn rúmar um 25-30 manns í sæti, auk þess sem það er skrifstofurými þar sem einnig er hægt að taka viðtöl .

Samskipti við fjölmiðla

Starfsmenn hafa átt mjög góð samskipti við fjölmiðla á félagssvæðinu og hafa bæði birst viðtöl í dagblöðum og tímaritum, auk þess sem allir starfsmenn hafa komið oftast en einu sinni í sjónvarpsviðtöl vegna ýmissa viðburða sem tengjast t.d. starfsemi félagsins auk þess að vekja athygli á ýmsu sem hefur verið ofarlega á baugi í almennri umræðu í þjóðfélaginu. N4 sjónvarp hefur verið okkur sérlega vinsamlegt með að kynna starfsemi okkar og koma til móts við kostnað vegna auglýsinga t.d. í Sjónvarpsdagskránni. Færum við þeim bestu þakkir fyrir.

Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga

Stofnað: 1968

Fjöldi félagsmanna: 345

Stjórn: 2018

Formaður: Jóhanna Björnsdóttir, Sólbrekku 7 640 Húsavík

Ritari: Halla Lovísa Loftsdóttir, Álfanesi, 641 Húsavík

Gjaldkeri: Edda Björg Sverrisdóttir, Laugarholti 7, 640 Húsavík

Meðstjórnendur: Gunnlaug María Eiðsdóttir ,Heiðargerði 4, 640 Húsavík

Aðalbjörg Sigurðardóttir, Álfóli 10, 640 Húsavík

Ingigerður Arnljótsdóttir, Gautlöndum, 660 Mývatnssveit

Starfsemi Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga er að styrkja málefni sem tengjast heilsu og forvörnum gegn krabbameini ásamt því að styrkja einstaklinga á svæði félagsins sem greinst hafa með krabbamein með ýmsum hætti. Félagið styrkir aðila sem þurfa að dvelja í

Reykjavík í lengri eða skemmri tíma vegna krabbameinsmeðferðar með greiðslu á gistikostnaði. Félagið stendur fyrir sölu á minningarkortum og fer ágóðinn af sölnni óskiptur til Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga.

Fyrirtæki og einstaklingar á svæði Krabbameinsfélags Suður Þingeyinga styrkja félagið myndarlega ár hvert. Félagið hefur gefið fé til Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Húsavík til kaupa á ýmsum búnaði til sjúkradeildarinnar sem nýtist krabbameinsveikum og öðrum sjúkum á stofnuninni.

Lítið hefur verið um formlega fundi s.l. starfsár en við sjáum ekki annað en að það sé mikil þörf fyrir slíkan félagsskap sem þennan, hefur stjórnin verið í samskiptum á veraldarvefnum sem gengur ágætlega á 21.“ tækni“-öldinni.

Jóhanna Björnsdóttir

Krabbameinsfélag Austurlands

Stofnað 20 apríl 1970

Fjöldi félagsmanna 155

Stjórn:

Björgvin Kristjánsson formaður

Kristjana Björnsdóttir gjaldkeri

Jóa Björg Sveinsdóttir ritari

Í varastjórn eru eftirtaldir:

Ásdís Sigurjónsdóttir

Karólína Ingvarsdóttir

Bryndís Snjólfsdóttir

Á aðalfundi félagsins baðst Alfreð Steinar Rafnsson undan endurkosningu og var Björgvin Kristjánsson kosin einróma kosningu í stað Alfreðs.

Starfsemi Krabbameinsfélags Austurlands var með hefðbundnu sniði á starfsárinu 2017 og undanfarin ár.

Síðan 2015 hefur félagið verið í nánú samstarfi við starfsendurhæfinu Austurlands og hefur aðstöðu á skrifstofu StarfA á Egilsstöðum. Samstarfsamningur þessara tveggja félaga hljóðar á þann veg að skjólstæðingar Krabbameinsfélags Austurlands hafa frjálstan og frían aðgang að öllum þeim úrræðum sem StarfA hefur að bjóða.

Félagið greiðir kostnað þeirra sem þurfa á krabbameinsmeðferð í Reykjavík, en gerir sér grein fyrir að sá stuðningur mætti vera meiri þar sem því fylgir talsverður aukakostnaður að reka heimili á tveim stöðum ef um fjölskyldumann er að ræða. Á formannafundi KÍ í Borgarnesi síðasta haust var rætt um þann mikla kostnaðarauka og aðstöðumun þeirra sem búa á landsbyggðinni og þurfa að leita sér lækninga á höfuðborgar svæðið miðað við þá sem þar búa. Þar sem nýbúið var að lýsa góðri fjárhagsstöðu velunnarasjóðsins var varpað fram þeirri spurningu hvort ekki væri möguleiki að Velunnarasjóðurinn kæmi til móts við félaginn út á landi með skiptingu á þeim kostnaði sem nú leggst á félagin. Því miður fékk þessi fyrirspurn dræmar undirtektir frá stjórnarmanni í Velunnarasjóðsins á fundinum.

Það gefur augaleið að landsbyggðarfélaginn munu ávallt berjast í bökkum fjárhagslega ef ekki kæmi annað til en félagsgjöld. Krabbameinsfélag Austurlands hefur undanfarin tvö ár haldið svokallað Góðgerðarkvöld í Valaskjálfi á Egilsstöðum til styrktar félaginu. Fjöldmargir listamenn víðsvegar að hafa gefið vinnu sína og einnig hefur eigandi hússins ljáð félaginu það eftir endurgjaldslaut. Með þessari fjáröflun ásamt styrk úr Velunnarasjóðnum sem greitt hefur helmingskostnað ráðgjafa hefur tekist að rétta við fjárhag félagsins til að standa undir núverandi starfsemi.

Í samstarfi við Krabbameinsfélag Austfjarða var haldin hvíldarhelgi á Eiðum síðastliðið haust fyrir krabbameinsgreinda og aðstendur þeirra. Tókst helgin afburðavel og fóru allir heim með bros á vör í helgarlok.

Frá því að samvinna þessara tveggja félaga hófst hefur Anna Alexandersdóttir verið fulltrúi og ráðgjafi Krabbameinsfélagsins á skrifstofunni á Egilsstöðum en hefur nú látið af störfum.

Félagið hefur nú samið við Ingu Rún Sigfúsdóttur félagsráðgjafa um að taka við sem ráðgjafi félagsins og væntir félagið mikils af kunnáttu hennar í framtíðinni.

F.h. Krabbameinsfélags Austurlands

Björgvin Kristjánsson formaður

Krabbameinsfélag Austfjarða

Stofnað: 1970

Fjöldi félagsmanna: 514

Stjórn:

Guðmundur Rafnkell Gíslason, Svanbjörg Pálsdóttir, Sólveig Friðriksdóttir, Jórunn

Valdimarsdóttir, Jóhann Sæberg

Formaður: Jóhann Sæberg

Ritari: Sólveig Friðriksdóttir

Gjaldkeri: Jórunn Valdimarsdóttir

Meðstjórnendur: Anna Heiða Gunnarsdóttir, Anna Þóra Árnadóttir

Starfsemi:

Í byrjun september stóðu Kirkjumiðstöð Austurlands og Krabbameinsfélag Austfjarða fyrir hvíldarhelgi á Eiðum fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Porri Snæbjörnsson kom til okkar með Stuðningsfulltrúanámskeið.

Við höfum verið með 2 aðstandendahittinga.

Við heiðruðum hvunndagshetju.

Við erum með hugleiðslu og Jóga einu sinni í viku.

Við styrkjum okkar félagsmenn fjárhagslega og höfum mikið verið að aðstoða okkar fólk við ýmis málefni í sambandi við réttindi og annað.

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað: 21. apríl 1970 (endurvakið 1. október 2002).

Stjórn:

Formaður: Ester Þorvaldsdóttir, Hólabraut 2, 780 Höfn | 4782040 ester@hssa.is

Gjaldkeri: Ólöf Óladóttir, Austurbraut 19, 780 Höfn

Ritari: Eyrún Axelsdóttir, Silfurbraut 35, 780 Höfn

Meðstjórnandi: Hjálmar Jens Sigurðsson, Hrísbraut 12, 780 Höfn

Meðstjórnandi: Þórhildur G. Kristjánsdóttir, Svalbarði 5, 780 Höfn

Starfsemin:

Félagið er með eigin minningarkort og tekur þátt í almennri vor-/haustfjáröflun á vegum Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaga.

Mottumars

Mottumars 2017 var haldin hér hátíðlegur. Kynning var í verslunarkjarna staðarins þar sem sýnd voru myndbönd, karlmönnum afhentur bæklingurinn Skilaboð til karla og þeir hvattir til að vera meðvitaðir um eigin heilsu.

Haustsala félagsins gekk vel í september

Bleiki mánuðurinn er áberandi í samfélaginu. Kirkjan upplýst bleik og bleiki dagurinn kominn til að vera. Þá taka stofnanir, veitingastaðir og vinnustaðir þátt með að skreyta með bleiku og klæðast einhverju bleiku. Á bleika deginum var kynning í verslunarkjarna staðarins sem var upplýstur með stórrí bleikri slaufu á útvegg. Áherslan í ár var að kynna ráðgjafarþjónustuna, sýnd voru myndbönd og afhendir bæklingar.

Bleik messa

22. október var bleik messa í Hafnarkirkju, þar sagði kona sem greinst hefur með krabbamein frá reynslu sinni.

Ávallt er vel tekið á móti okkar fólki þegar fjáraflanir eru í gangi. Fyrirtæki og einstaklingar standa einnig þétt við bakið á félaginu með fjárstuðning og styrkveitingum. Gott samstarf er á milli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands Hornafirði og félagsins með áherslu á forvarnir og fræðslu. Veittir hafa verið styrkir til einstaklinga. Greiðir félagið jafnframt leiguhluta einstaklinga í krabbameinsmeðferð hvort sem dvalið er í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða gist á Sjúkrahótelinu meðferðardagana.

Kær kveðja

Ester Þorvaldsdóttir

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. maí 1971

Fjöldi félagsmanna: 57

Stjórn:

Formaður: Rannveig E. Bjarnadóttir

Ritari: Margrét Einarsdóttir

Gjaldkeri: Sigríður Dóróthea Árnadóttir

Meðstjórnendur: Elías Guðmundsson, Ingvar Jóhannesson

Starfsemi:

Starfsemi er enginn hjá okkur en reynum að halda félaginu vakandi. Innkoma er félagsgjöld og lítið sem ekkert fer út, en hver sá sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda og sækir um til félagsins fær styrk til endurgreiðslu á húsnæði á meðan dvöl sjúklinga og aðstandenda stendur. Aðalfundur félagsins er á vordögum en það hefur gengið illa að hafa fundi á liðnum árum en við munum halda áfram að byggja upp félagið eins og við getum.

Krabbavörn Vestmannaeyja

Stofnað: 25.04.1949

Fjöldi félagsmanna: 302

Stjórn:

Formaður: Sigurbjörg K. Óskarsdóttir

Ritari: Ingibjörg A. Brynjarsdóttir

Gjaldkeri: Sigríður Gísladóttir

Meðstjórnendur: Hrafnhildur Helgadóttir og Kristín Valtýsdóttir

Starfsemi:

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Krabbavarnar í Vestmannaeyjum verið þannig skipuð: Ester hætti eftir 14 ára óeigingjarnt starf sem formaður félagsins, tók þá varaformaðurinn Sigurbjörg við formennskunni og Guðný sem varaformaður, gjaldkeri er Sigríður, ritari Ingibjörg og meðstjórnendur eru Kristín og Hrafnhildur.

Í Krabbavörn eru 302 félagar og er árgjaldið ekki hátt eða 2.500 á ári. Krabbavörn eru samtök sem hafa það hlutverk að styðja þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Félagið er rekið með styrkjum frá velunnurum félagsins sem er okkur ómetanlegt og þökkum við fyrir þann hlýhug.

Grasrótasamtök eins og Krabbavörn þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að laga starfsemi sína að ýmsum breytingum, við þurfum að gæta þess að fara reglulega í naflaskoðun á innra sem ytra starf félagsins.

Þegar félagsmaður greinist með krabbamein getur hann sótt til félagsins ferðastyrk en við greiðum 25.000 fyrir hverja ferð ásamt því að við greiðum fyrir leigu á íbúðum við Rauðarárstíg og einnig fyrir sjúkrahótel. 23 einstaklingar hafa fengið styrk frá félaginu á einhvern hátt á síðasta starfsári.

Ýmsar upptökur okkur til heilla voru á starfsárinu, vil ég þar nefna áramótagönguna sem er orðinn stór þáttur af jólahaldi Vestmannaeyinga en þar greiðir fólk gjald til að taka þátt í göngunni sem rennur til Krabbavarnar. Marsmánuður var mánuður skeggfánananna en þeir blöktu við mörg fyrirtæki til að minna okkur á að karlmenn fá líka krabbamein.

Arndís Halla kom til okkar 4. maí í boði Bergvins Oddssonar með fyrirlestur sem heitir „ Mikill hlátur og smá grátur“ ég vil um hana segja að þarna var á ferðinni hugrökk kona með lífssýn og reynslu sem lét engan ósnortinn, en hún nýtti reynslu sína öðrum til góða.

Ég sat aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í fyrsta sinn þann 6 maí, þar afhenti ég Valgerði formanni Krabbameinsfélags Íslands gjafabréf að fjárhæð 500.000 vegna íbúða félagsins en

við höfum gert það undanfarin ár, færði hún okkur bestu þakkir og sagði í framhaldi þessa gjöf sýna hversu mikil þörf er á að starfrækja íbúðirnar.

Sjö tinda gangan er einn fastur liður hjá eyjaskeggjum um Jónsmessu og er alltaf mjög góð þátttaka, sú ganga veitir okkur einnig fjárstyrk.

Haustsalan gekk vonum frammar en til skoðunar er að fá nýjar vörur næsta haust.

Formannafundurinn var haldinn í Borganesi 23. sept., þar sem mikið óveður var á þessum tíma og Röstin hafði ekki heimild til siglinga þá sat ég fundinn heima með fjarfundarsamband, þegar skipað var í hópavinnu var mér skellt á borðið hjá þeim sem ég vann með og gat ég tekið þátt í umræðunni eins og ég sæti við borðið.

Í október var bærinn með bleikum ljóma, fáanar með bleikri slaufu blöktu við hún til að minna okkur á að lífið getur tekið U beygju. Bleikt kvöld var hjá verslunum og rann hluti sölunnar frá ýmsum fyrirtækjum til Krabbavarnar.

Það er áfall að greinast með krabbamein, bæði fyrir þann sem greinist og ekki síður fyrir fjölskyldu og aðstandendur. Veikindaferlið tekur oft mikið á, á margan og ólíkan hátt.

Verkefninu er ekki endilega lokið þó sjúkdómurinn hafi læknast. Við höfum ítrekað séð hversu mikilvægt það er að geta leitað til okkar, til að fá stuðning og styrk í slíkum aðstæðum. Þess vegna skiptir miklu máli að við eflum starfsemi okkar og hvetjum þá sem næstir okkur eru til að ganga í félagið til að efla það. Krabbavörn í Vestmannaeyjum er gott og öflugt félag að leita til.

Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir

Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu

Stofnað 7. maí 1971 og endurvakið 15. apríl 1993.

Fjöldi félagsmanna: 105

Stjórn:

Formaður: Ólöf Árnadóttir

Ritari: Guðríður Bjarnadóttir

Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir

Meðstjórnendur: Lilja Einarsdóttir og Sóley Ástvaldsdóttir

Starfsemi:

Markmið félagsins er að styðja við heimamenn sem greinst hafa með krabbamein. Hefur það m.a. verið gert með því að styrkja þá fjárhagslega ef þeir hafa þurft að dvelja í íbúðum

Krabbameinsfélagsins í Reykjavík á meðan krabbameinsmeðferð stendur.

Árið 2017 hefur félagið styrkt þá sem dvelja í Reykjavík vegna krabbameinsmeðferð.

Krabbameinsfélag Árnassýslu

Stofnað: 29.maí 1971

Fjöldi félagsmanna: 278

Stjórn:

Svanhildur Ólafsdóttir, Eygló Aðalsteinsdóttir, Katrín Stefanía Klemenzdóttir, Halldóra Stóra, Sighvatur Eiríksson, Ingibjörg Jóhannesdóttir, Rannveig Bjarnfinnsdóttir varamaður. Erla G. Sigurjónsdóttir starfsmaður.

Formaður: Svanhildur Ólafsdóttir

Ritari: Katrín Klemenzdóttir

Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannesdóttir

Meðstjórnendur: Eygló Aðalsteinsdóttir, Halldóra Stóra, Sighvatur Eiríksson og Rannveig Bjarnfinnsdóttir. Erla G. Sigurjónsdóttir starfsmaður.

Starfsemi:

Starfsemi félagsins hefur vaxið töluvert á starfsárinu og hefur félögum fjölgað um tuttugu manns auk þess sem virkum félögum í starfinu hefur fjölgað .

Markmið félagsins er að vera styðjandi við félega sína og efla þjónustu í heimabyggð. Unnið hefur verið að þeim markmiðum meðal annars með því að kanna þjónustupörfina hjá virkum félögum, fá áhugaverð námskeið og viðburði í heimabyggð sem annars hafa eingöngu verið í boði á höfuðborgarsvæðinu og bæði stækka og efla stuðningsnet félaga.

Einnig með því að efla samstarf við Krabbameinsfélag Íslands meðal annars með virkni á formanns- og starfsmannafundum, sækja um styrk til þróunar á úrræðum og öflugri þátttöku í landssöfnunum.

Það er mat formanns og starfsmanns félagsins, sem unnið hafa þétt saman á starfsárinu, að þátttaka hafi aukist og almennt sé ánægja með þá viðburði sem boðið hefur verið uppá. Félagið nýtur velvildar og trausts sem stjórnin vill halda áfram að efla meðal íbúa Árnassýslu.

Viðburðir á starfsárinu (frá vori 2017 fram á vor 2018)

Stafganga undir leiðsögn Elísabet Kristjánsdóttir, íþróttá-og heilsufræðings. Farið var á frjálsíþróttasvæðið og lánaði Elísabet stafi til notkunar. Þrjár konur mættu í gönguna.

Hópganga í maí í tengslum við Brjóstabolluna. Landsamband bakameistara stendur fyrir viðburðinum og efndi félagið til hópgöngu sem endaði í Guðnabakarí þar sem Brjóstabollan var til sölu. Um það bil 15-20 manns mættu í gönguna.

Stuðningshópurinn Brosið hefur stækkað og eflst á starfsárinu. Reglulegir hittingar eru hálfsmánaðarlega í húsnæði Rauða Krossins á Selfossi. Mæting er í kringum 15 manns á hvern fund. Hópurinn heldur úti facebooksíðu þar sem meðlimir eru 64 talsins.

Bleik messa í október í samstarfi við Selfosskirkju. Aðstandandi sagði frá reynslu sinni af krabbameinsferlinu. Messan var mjög vel sótt og var boðið uppá súpu að messu lokinni þar sem ágóðinn rann óskiptur til félagsins.

Brosið var með jólaföndur (kertaföndur) í desember. 10-15 konur mættu.

Ný facebooksíða var opnuð, svokölluð „like“ síða, með það að markmiði að ná til sem flestra. 236 eru fylgjendur/like á síðunni.

Efldum samstarf við DFS og Sunnlenska.is sem birtu greinar frá félaginu í tengslum við bleikan október.

Í janúar var boðið uppá námskeiðið Markmiðasetning og jákvæð sálfræði. Námskeiðið var öllum opið og auglýst í Dagskránni auk samfélagsmiðla. Félagið niðurgreiddi námskeiðsgjald fyrir félagi sína um helming. Alls mættu um 20 manns á námskeiðið.

Í febrúar var boðið uppá fyrirlestur frá næringarfræðingnum Berglindi Blöndal. Fyrirlesturinn var öllum opin og fólki að kostnaðarlausu. Mæting var um 15-20 manns.

Í mars var farið í heimsókn/kynningu í YogaSálir sem er ný yogastöð á Selfossi. Í kjölfarið var náð samning við stöðina um að hafa lokað námskeið fyrir hópinn þar sem áhersla væri lögð á slökun og streitulosun. Námskeiðið fór af stað 10. apríl og voru um 18 konur skráðar á námskeiðið. Það stendur yfir í sex vikur og er kennt tvo daga í viku.

Viðburðir sem standa til á starfsárinu (fram á vor 2018)

Minnisnámskeið á vegum Ráðgjafarstofu Krabbameinsfélagsins í apríl. Þorri sálfræðingur mun halda námskeiðið sem verður í eitt skipti. Námskeiðið mun vera öllum opið og þátttakendum að kostnaðarlausu

Golfnámskeið fyrir félagi Krabbameinsfélags Árnessýslu í maí. Samningur náðist við Golfklúbb Selfoss um kennslu fyrir hópinn tvisvar sinnum í viku í maí og námskeiðið endar með 9 holu móti og hamborgaraveislu.

Í maí munu fara af stað reglulegar göngur í vegum félagsins. Sunnudagar kl.11:30 urðu fyrir valinu og verður gengið á hraða sem hentar öllum og farið vegalengdir sem henta öllum. Þátttaka er bæði frí og frjáls og er markmiðið eingöngu að stuðla að hreyfingu í góðum félagsskap.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar

Skýrslan nær yfir síðasta starfsár félagsins, frá aðalfundi 26. apríl 2017.

Stjórn:

Aðalmenn:

Anna Borg Harðardóttir, formaður

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, varaformaður

Hafdís Sigursteinsdóttir, ritari

Jón Auðunn Jónson, gjaldkeri

Gunnar Þór Jónsson, meðstjórnandi

Magnús Gunnarsson, meðstjórnandi

Ása Karin Hólm, meðstjórnandi

Una Björk Harðardóttir, meðstjórnandi

Endurskoðendur:

Skúli Valtýsson

Hjalti Jóhannsson

Á síðasta starfsári voru haldnir þrjú stjórnarfundir á milli aðalfunda. Fundirnir voru haldnir í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Skýringin á svo fáum stjórnarfundum er að strax eftir aðalfundinn þann 26. apríl 2017 hófst reglubundin fundarröð með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur þar sem stjórnir beggja félaga ræddu þann möguleika að sameina þessi tvö félög í eitt krabbameinsfélag á höfuðborgarsvæðinu. Þessir fundir urðu alls 4-5 á starfsárinu. Á fyrsta fundi stjórna félaganna var góður samhljómur um að stofna nýtt félag á grunni beggja. Niðurstaðan varð sú, að eðlilegast væri að minna félagið sameinaðist því stærra. Nýtt félag héldi kennitölu Krabbameinsfélags Reykjavíkur undir nýju nafni. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins varð fyrir valinu þar sem öll bæjarfélögin ættu með þessari breytingu að geta samsamað sig þessu heiti. Drög að nýjum lögum voru sett saman sem byggja á grunni félaganna beggja. Þau verða lögð fram á sameiginlegum aðalfundi beggja félaga þann 19. mars 2018.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar var haldinn í sal á vegum Hafnarfjarðarkirkju þann 26. apríl 2017. Dagskráin var hefðbundin þ.e. venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

Fundinn sátu allir stjórnarmenn en enginn félagsmaður mætti þar fyrir utan. Stjórnarmenn ræddu um stöðu félagsins undir önnur mál. Helmingur stjórnarmanna var ekki tilbúinn að starfa áfram í stjórn Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og ekki hafði tekist að finna áhugasama í nýja stjórn. Stjórnarmenn voru einróma sammála um að ekki ætti að leggja niður félagið heldur væri fýsilegast að sameinast Krabbameinsfélagi Reykjavíkur undir nýju nafni.

Helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári voru: aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, formannafundur aðildarfélaganna, skógarganga, og vinna við forvarnarverkefni gegn munntóbaki og rafrettum í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 6. maí 2017 á Hilton Reykjavík, Nordica hotel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Því miður komst formaður KH, Anna Borg, ekki á fundinn af persónulegum ástæðum. Hafrún Dóra Júlíusdóttir, varaformaður, og Una Björk Harðardóttir, meðstjórnandi, sátu fundinn fyrir hönd félagsins.

Formannafundur aðildarféлага Krabbameinsfélags Íslands var haldinn að þessu sinni á Hótel Hamri í Borgarnesi laugardaginn 23. september 2017. Formaður og varaformaður komust ekki á fundinn sökum persónulegra aðstæðna beggja.

Kvöldganga í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var farin þriðjudaginn 24. október 2017 á vegum Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Félagar úr krabbmeinsfélaginu og aðrir áhugasamir, fjölmenntu í gönguna sem hófst við Gróðrarstöðina Þöll, til að njóta skógarins í skjóli myrkurs og ganga saman í ævintýraljóma lukta!! Gengið var um skóginn undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógfræðings. Eftir gönguna var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar. Gangan tókst einstaklega vel og fjölmenntu félagar og velunnarar félagsins í gönguna.

Í bleika mánuðinum var Hafnarfjarðarkirkjan böðuð í bleiku ljósi! Nokkur önnur fyrirtæki í bænum minntu á mikilvægi forvarna gegn krabbameini hjá konum með því að kveikja á bleikum ljósum.

Forvarnarfræðslan gegn munntóbaki og rafrettum fór fram í janúar 2018 og gekk mjög vel að sögn skólastjórnenda grunnskóla Hafnarfjarðar. Að venju tók Jón Ragnar Jónsson, tónlistarmaður með meiru, að sér þessa fræðslu og heillaði börnin upp úr skónum með sinni skemmtilegu framsögn um þó alvarlegt mál. Að þessu sinni var ákveðið að Jón skyldi líka ræða um rafrettur jafnhliða munntóbaki. Hafnarfjarðarbær styrkir verkefnið með verkefnisstjóra, Geir Bjarnasyni, íprótta- og tómsundarfulltrúa, og 1000 kr. fyrir hvert barn í áttundabekk allra grunnskóla Hafnarfjarðar.

Í mars hófst fjáröflunarátakið “Karlar og krabbamein – Mottumars” á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hafnarfjarðarfélagið hvatti stofnanir og þjónustu til að gera sér dagamun og minna á átakið gegn karlakrabbameini. Ekki var tekið þátt í sölu á mottumarsvörum að þessu sinni

Félagsgjöld Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar fyrir árið 2017 var 1.200 kr. fyrir almenna félagsmenn og 12.000 kr. fyrir styrktarféлага og fyrirtæki.

Tala félagsmanna stóð í nokkrum veginn í stað á milli ára og eru nú um 464 talsins og fyrirtæki sem styðja félagið eru 8.

Minningarkort félagsins eru seld á nokkrum stöðum hér í bænum og gefur það félaginu nokkrar tekjur. Þau er einnig hægt að fá á netinu hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Stjórnarfundir og aðalfundur félagsins voru haldnir í aðstöðu Hafnarfjarðarkirkju og þakkar stjórn félagsins starfsmönnum kirkjunnar fyrir góða samvinnu og velvild í garð félagsins.

Tilgangur Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar hefur frá upphafi verið sá að styðja við baráttuna gegn krabbameini m.a. með fræðslu um krabbamein og krabbameinsvarnir, með styrkveitingu til ákveðinna verkefna og með stuðningi við krabbameinssjúklinga. Gildi forvarna er mjög mikilvægt t.d. varðandi munntóbaks- og tóbaksvarnir, við mætingar til krabbameinsleitar, mataræði og hreyfingar svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru atriði sem við þurfum sífellt að vera að minna á.

Þegar þessi lokaorð eru skrifuð þá er Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar að öllu óbreyttu að sameinast Krabbameinsfélagi Reykjavíkur og þessi félög munu í væntanlega nýju félagi, leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að ástunda áfram heilbrigða lífshætti. Markmiðið með sameiningu félaganna er að styrkja starfið á höfuðborgarsvæðinu undir merkjum eins félags. Ætlunin er að skapa sameinuðu félagi sterkari stöðu sem byggir á reynslu, þekkingu og tengslaneti beggja félaganna. Stjórnir beggja félaga eru sannfærðar um að sameiningin sé öllum til góðs.

*Anna Borg Harðardóttir, formaður
Hafnarfirði, 16. mars 2018*

Krabbameinsfélag Suðurnesja

Stofnað: 15. nóvember 1953

Fjöldi félagsmanna: 950

Stjórn:

Breyting verður á stjórn eftir aðalfund Krabbameinsfélags Suðurnesja þann 26.apríl 2018.

Formaður: Guðmundur Björnsson vikur frá og mun Hannes Friðriksson taka við formennsku.

Ritari: Þórunn Benediktsdóttir vikur frá og mun Brynja Aðalbergsdóttir taka við sem ritari.

Gjaldkeri: Grétar Grétarsson

Meðstjórnendur: Agnar Guðmundsson, Jón Axelsson

Varastjórn: Brynja Aðalbergsdóttir færast í aðalstjórn og verður ritari og Ómar Steindórsson vikur frá. Stefán Sigurðsson og Styrmir Jónsson koma í varastjórn.

Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og bjóðum nýjum velkomna til starfa.

Starfsemi:

Starfið hefur gengið vel og er með hefbundnum hætti. Rekstrarformið er í föstum skorðum á líðandi ári.

Alla daga sem opið er í þjónustumiðstöðinni mæta einhverjir til að hittast, spjalla við aðra í sömu stöðu og vinna handavinnu. Þessi hittingur er orðinn fastur liður og er einnig gert ýmislegt til gamans s.s. farið á kaffihús og í gönguferðir. Það er orðinn fastur liður að gera sultur sem eru seldar í október til styrktar Krabbameinsfélagsins. Krónan lagði hönd á plóg í þetta skiptið og styrkti okkur með hráefni í sultugerð.

Undirbúningur fyrir Bleikan október hófst í maí og lagt var lokahönd á það í ágúst og september.

Lokað var í júlí vegna sumarfrís starfsmanns og opnað aftur í ágúst.

Í september var lagt lokahönd á undirbúning Bleika október og var ákveðið að Sigurrós Halldórsdóttir fengi næluna okkar í október og af því tilefni var haldin veisla henni til heiðurs. Sigurrós Halldórsdóttir vann mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið sem við nutum góðs af.

Stjórn Krabbameinsfélags Suðurnesja finnur fyrir skilningi á því sem verið er að gera og mikla velvild í garð félagsins í samfélaginu sem m.a. lýsir sér í því að margir ánafna til félagsins peningum sem þeir fá í afmælisgjöf. Ein þeirra var Sigrún Erla Helgadóttir sem færði félaginu peningagjöf í tilefni áttræðisafmæli sínu. Erum við þakklát fyrir rausnalega gjöf.

Ein af fjáröflunarleiðum Krabbameinsfélags Suðurnesja er sala á minningarkortum. Árgjaldið fyrir félagsmenn er 3000 kr.

Fyrir áramót var fyrirlesturinn „Þarmar með sjarma“ með Raket Fleckenstein Björnsdóttur og í mars 2018 hélt Birna Ásbjörnsdóttir fyrirlestur um hvernig á að byggja upp þarmaflórunna eftir veikindi. Þetta var vel sótt.

Svala Berglind Robertson hjúkrunarfræðingur með sérnámi í krabbameins- og líknarhjúkrun og löggildur svæðanuddari er með viðtöl við krabbameinsgreinda og aðstandendur hjá Krabbameinsfélagi Suðurnesja. Hún býður einnig upp á svæðanudd fyrir þá sem þurfa þess.

Þann 1. mars 2018 tók nýr starfsmaður við af Sigríði Ingibjörnsdóttur og þökkum við henni fyrir vel unnin störf. Nýji starfsmaðurinn heitir Sigríður Erlingsdóttir. Starfsmaður sinnir skrifstofustörfum fyrir félagið og veitir sjúklingum og aðstandendum allar þær upplýsingar sem þeir óska eftir, í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands. Starfsmaður annast einnig kynningu á starfi félagsins, skipurleggur námskeið og vinnur að öflun nýrra félagsmanna. Sigríður Erlingsdóttir hefur verið að sækja námskeið sem nýtist starfi félagsins eins og auglýsingarnámskeið á samfélagsmiðlun hjá Endurmenntun HÍ og Stuðningsfulltrúa námskeið hjá Krafti.

Brjóstaheill – Samhjálp kvenna

Fullt nafn: Brjóstaheill – Samhjálp kvenna, til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein.

Stofnár: 1979 (sem formlegt félag sjálfboðaliða 2001).

Formlegir félagsmenn eru um 50 en um 100 fá fundarboð.

Netfang: brjostaheill@krabb.is, vefsíða krabb.is/brjostaheil og brjostaheill.is.

Stjórn kosin á aðalfundi í febrúar 2017:

Formaður: Brynja Björk Gunnarsdóttir, Klapparbergi 2, Reykjavík 894 7740

Varaformaður: Anna Sigríður Arnardóttir

Ritari: Dóra Juliussen

Gjaldkeri: Thelma Hólm Másdóttir

Meðstjórnandi: Hrefna Ingólfssdóttir

Meðstjórnandi: Heiða Birgisdóttir

Meðstjórnandi: Hildur Baldursdóttir

Guðrún Sigurjónsdóttir sem áfram starfar með okkur sem bakhjarl

Starfsemi 2017

Rabbfundir, í samvinnu við Ráðgjafarþjónustuna, haldnir einu sinni í mánuði á vormánuðum og þar voru alls kyns málefni á dagskrá s.s. umræður um eftirlitið, síðbúnar afleiðingar meðferðar, sogæðabjúg og margt fleira. Þessir fundir voru í byrjun ágætlega sóttir en við

höfum rætt í stjórn hvernig við getum náð betur til þeirra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein.

Á Facebook eru einnig 2 lokaðar síður þar sem konur geta spjallað saman og leitað jafningjastuðnings og fengið svör við ýmsum spurningum.

Kastað til bata. Brjóstaheill - Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélagið hafa unnið sameiginlega að verkefninu „Kastað til bata“ og nú er verið að undirbúa það í sjöunda sinn. Í maí bauðst 14 konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein fara í laxveiði í Laxá í Dölum undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig voru með í för konur frá Brjóstaheill – Samhjálp kvenna hópnum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist með eindæmum vel og hafa konurnar haldið hópinn og stutt hver aðra áfram.

Texas scramble, styrktargolfmót, sem haldið var á Leirunni í blíðskaparveðri, vel sótt og skemmtilegt mót og vinningar.

Erlent samstarf. Brjóstaheill – Samhjálp kvenna er aðili að Europa Donna og starfar með samtökunum. Við eigum einnig gott samstarf við norrænu brjóstakrabbameinssamtökin.

Brynja Björk Gunnarsdóttir.

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur

Stofnað: 1.október 1999

Fjöldi félagsmanna: 715

Stjórn kosin á aðalfundi 24.apríl 2018

Formaður: Ástrós Rut Sigurðardóttir

Ritari: Ösp Jónsdóttir

Gjaldkeri: Elín Sandra Skúladóttir

Meðstjórnendur: Kristín Erla Þráinsdóttir, Þórir Hall Stefánsson, Sóley Kristjánsdóttir (varastjórn), Birkir Már Birgisson (varastjórn)

Starfsemi:

Starfsmenn Krafts

Núverandi starfsmenn Krafts eru þau Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri, sem er í 100% starfi, Ragnheiður Davíðsdóttir, verkefnastjóri í 50% starfi og Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur og umsjónarmaður Stuðningsnets Krafts, sem er í 30% starfi. Hulda tók við starfi

framkvæmdastjóra í maí 2017 og Ragnheiður fráfarandi framkvæmdastjóri tók við starfi verkefnastjóra í hálfu starfi. Þorri sálfræðingur er sameiginlegur starfskraftur Krafts og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og starfar þar í 70% starfi. Auk þessara þriggja starfsmanna starfar Atli Már Sveinsson, þjálfari og umsjónarmaður FítónsKrafts, sem verktaki og Kristján T. Friðriksson sem heldur utan um Ungliðahópinn sem rekinn er af Krafti, Ljósinu og SKB.

Þegar þetta er ritað er verið að ráða inn nýjan starfskraft í 50-70% starf sem kemur til með að halda utan um fjáröflunarviðburði félagsins og vefverslun.

Stuðningsnetið, vinna sálfræðings og viðtalstímar á LSP.

Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur félagsins, heldur utan um Stuðningsnet Krafts ásamt því að veita félagsmönnum okkar sálfræðiþjónustu. Á starfsárinu hefur sálfræðingur Krafts veitt 107 viðtöl við 48 einstaklinga. Til samanburðar veitti hann á frá ágúst 2016 - apríl 2017, 72 viðtöl sem 34 einstaklingar þáðu. Þá hefur sálfræðingur fengið 23 stuðningsbeiðnir, haldið 3 stuðningsfulltrúanámskeið, tvö í Reykjavík og eitt á Reyðarfirði, þar sem samtals 24 nýir stuðningsfulltrúar hafa útskrifast.

Til samanburðar fékk sálfræðingur 14 stuðningsbeiðnir á árinu á undan og 14 nýir stuðningsfulltrúar bættust í netið það árið.

Þorri hefur auk þess haldið eitt endurmenntunarkvöld fyrir stuðningsfulltrúa á starfsárinu þar sem stuðningsfulltrúar sátu fræðslufyrirlesturinn “Er dauðinn tabú?”.

Þá hélt sálfræðingur einn fyrirlestur á fyrirlestrarröð Krafts og var með erindi í vísindaferð fyrir sálfræðinema í Háskóla Reykjavíkur auk þess sem hann kynnti stuðningsnetið á Akureyri. Sem stendur starfar sálfræðingur í 30% starfi hjá Krafti og 70% starfi hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Árið 2016 hófst samstarf krabbameinsdeilda Landspítalans og Krafts sem felst í því að starfsfólk deildanna afhendir nýgreindum einstaklingum kynningarefni Krafts í sérmerktum gjafapoka frá Krafti. Jafnframt því hefur Kraftur verið með viðtalsíma á göngudeild krabbameinslækninga einu sinni í viku. Þetta samstarf við spítalann hefur sannarlega skilað sér þar sem beiðnum í stuðningsnetið hefur fjölgað til muna og einnig hafa fleiri verið að nýta sér sálfræðiþjónustuna hjá félaginu.

Þá veitti sálfræðingur SÍBS ráðgjöf og upplýsingar við innleiðingu stuðningsnets fyrir aðildarfélög þess á árinu. En þess má geta að Kraftur veitti góðfúslegt leyfi á notkun handbókar og kennslugagna við stofnun stuðningsnets sjúklingafélaganna. Á stofnfundi þess

fékk Kraftur sérstakan þakklætisvott fyrir það framlag að taka þátt í því að láta það verða að veruleika.

Vefverslun, heimasíða og samfélagsmiðlar

Vefverslun Krafts hefur nú slitið barnsskónum en hún var tekin í notkun í janúar 2017. Æ fleiri kaupa varning félagsins í gegnum hana og er hún orðin ein af tekjuauðlindum félagsins. Í vefverslun er hægt að kaupa varning merktan félaginu, m.a. perluarmböndin okkar, boli, minnisbækur og taupoka með áletruninni “Lífið er núna”. Stefnt er að því að auka vöruúrvalið jafnt og þétt og leitast verður við að selja vandaðar og góðar vörur merktar slagorðum félagsins. Þess má geta að frá síðasta aðalfundi hafa 7.323 vörur verið keyptar af rúmlega 4000 einstaklingum í vefverslun okkar fyrir rúmlega 17.000.000 milljónir kr. Tekið skal fram að fjáröflunarátakið í janúar er inni í þessum tölum. Þá er einnig hægt að styrkja félagið í gegnum heimasíðuna, annað hvort með stökum styrkjum eða skrá sig sem mánaðarlegan styrktaraðila.

Kraftur er með nokkra virka Facebook hópa. Má þar nefna FítónsKraft, Stjórn Krafts, Stuðningsnet Krafts, Ungliðahópin og síðan hóp fyrir félagsmenn.

Einnig eru starfræktir tveir umræðuhópar á Facebook undir merkjum Krafts, einn fyrir unga krabbameinsgreinda og annar fyrir aðstandendur. eru þetta lokaðir hópar og þarf fólk að óska eftir inngöngu í þá.

Kraftur hefur haldið áfram að tilnefna einn félagsmann sem Kraftsmann eða Krafskonu mánaðarins. Birt hefur verið mynd af viðkomandi inn á samfélagsmiðlum félagsins þar sem hann segir sína sögu og viðkomandi síðan verið með Snapchat reikning í Krafts í 1-2 daga þar sem hann segir frá sér og leyfir fólki að skyggjast inn í líf sitt. Þetta hefur reynst afar vel og eru um 3000 fylgjendur sem hafa bæst inn á Snapchat til að fylgjast með lífi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og/eða aðstandenda þess. Kraftur er einnig með Facebook síðu, Instagram síðu og Twitter síðu. Flesta fylgjendur hefur félagið á Facebook eða um 10.526 og hafa um 3500 fylgjendur bæst í hópinn síðasta árið.

Útgáfustarfsemi

Krafts-blaðið hefur nú verið sett í rafrænt form inn á timarit.is en auk þess eru öll tölublöðin aðgengileg á heimasíðunni. Síðasta tölublað kom út í maí á síðasta ári og var það fyrsta tölublaðið með nýju útliti, þ.e. ný tegund umhverfisvæns pappírs og nýtt og ferskt umbrot. Blaðið er jafnan sent til allra félagsmanna, á allar heilsugæslustöðvar og helstu læknastofur ásamt því sem því dreift á allar deildir Landspítalans og annarra sjúkrahúsa á landsbyggðinni.

Í nóvember var gefið út jólakort með fræðslu - og upplýsingaívafi sem sent var á alla félagsmenn. Um er að ræða áttblöðung í brotinu A-5 þar sem fram komu örfréttir af starfseminni auk jólakveðju frá stjórn og starfsfólki.

Nú á þessu ári stendur yfir endurskoðun og uppfærsla á Lífs-Krafti og hefur félagið nú þegar fengið styrk frá Velferðarráðuneytinu til þess að standa straum af þeim kostnaði. Stefnt er að því að bókin komi út fyrir lok árs. Búið er að skipa sérstaka ritnefnd til að fara yfir bókina og var Ragnheiði falið að bera ábyrgð á því verkefni.

Viðburðir o.fl.

Sumargrill Krafts var að þessu sinni haldið í Guðmundarlundi í Kópavogi þann 22. júní.

Árið 2017 var slegið nýtt met í áheitasöfnun Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka þegar hlauparar söfnuðu 118.583.717 krónum til 152 góðgerðarféлага. Þetta árið voru um 250 manns sem hlupu fyrir Kraft í Reykjavíkumaraþoninu og söfnuðu 4.318.822 kr.

Á vordögum hélt Kraftur ásamt SKB ráðstefnu Nordic Cancer survivors fyrir systurfélög okkar á Norðulöndunum þar sem rætt var um málefni ungra krabbameinsgreindra og aðstandenda. Kaffihúsakvöldin okkar voru á sínum stað fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Aðventukvöldið var haldið í desember fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra þar sem fullt var út úr dyrum. Þá hefur Kraftur haldið úti reglulegum fræðslufundum í vetur undir yfirskriftinni “Ungt fólk og krabbamein”. Á hvern fyrirlestur er fenginn sérfræðingur um það málefni sem fjallað er um og auk þess reynslubolti sem getur miðlað af eigin reynslu. Meðal þess efnis sem fjallað hefur verið um er *Kynlíf og krabbamein*, *Dauðinn eða lífslok*, *Mataræði í veikindum*, *Frjósemi og krabbamein* og *Börn og krabbamein*. Fyrirlestarnir hafa verið haldnir að jafnaði þriðja þriðjudag hvers mánaðar og hafa verið vel sóttir.

Ungliðahópur SKB, Ljóssins og Krafts hefur haldið uppi öflugum starfi frá síðasta aðalfundi. Ungliðahópurinn er fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein á aldrinum 18-29 ára og aðstandendur. Hópurinn hittist annan hvern fimmtudag og eru viðburðirnir auglýstir á heimasíðu félagsins og á Facebooksíðu Ungliðahópsins. Kristján Theódór Friðriksson, íþróttfræðingur, stjórnar starfi Ungliðahópsins.

FítónsKraftur, endurhæfing í formi hreyfingar og útivistar fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, starfaði áfram af krafti undir handleiðslu Atla Más Sveinssonar, íþróttfræðings, sem hefur sérhæft sig í endurhæfingu krabbameinsgreindra. Æfingar fara fram tvisvar í viku í Heilsuborg ásamt mánaðarlegum göngum eða annars konar útivist eða hreyfingu. Nú eru um 10 virkir þátttakendur í FítónsKrafti sem mæta á æfingar að staðaldri.

Neyðarsjóður Krafts

Neyðarsjóður Krafts úthlutaði tvisvar á síðasta starfsári. Átta manns sóttu um í vorúthlutun 2017 og tólf manns sóttu um í haustúthlutun 2017. Allir fengu úthlutað styrk nema þrír þar sem þeir gátu ekki sýnt fram á fjárhagslega örðugleika eða vegna annarra annmarka. Úthlutun á árinu var, 5.327.653 kr.

Á síðasta stjórnarfundinu voru reglubreytingar samþykktar fyrir neyðarsjóðinn þar sem breytt var reglum sjóðsins sem hafa víðtækari skírskotun í hvernig hægt sé að hjálpa fólki fjárhagslega þegar veikindi bera að. Þá er tekinn inn í myndina tekjumissir og annar afleiddur kostnaður sem getur skapast vegna veikinda. Er það von stjórnar að þetta verði til þess að peningarnir geti nýst betur til góðra verka fyrir félagsmenn okkar. Einnig hefur umsóknarforminu verið komið á rafrænt form inn á heimasíðu félagsins sem kom í gagnið nú á vordögum.

Enn á eftir að úthluta styrkjum fyrir vorúthlutun 2018, stendur umsóknarfrestur til 30.apríl.

Fjáröflunar-og árvekniátakið - Krabbamein kemur öllum við

Kraftur stóð fyrir fjáröflunar- og árvekniátakinu “Lífið er núna - Krabbamein kemur öllum við” frá 17. janúar til 4. febrúar. Undirbúningur átaksins hófst s.l. vor þegar stjórn Krafts samþykkti að boða til vitundarvakningar um ungt fólk og krabbamein og seld yrði ný tegund armbands á meðan á áttakinu stæði til þess að styrkja fjárhagslegar stoðir félagsins, ásamt því að afla nýrra mánaðarlegra styrktaraðila. Tilgangur átaksins var að vekja athygli á málefnum ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum og afla fjár til að halda úti víðtækri þjónustu félagsins. Með áttakinu vildi Kraftur benda á þá staðreynd hvað krabbamein snertir marga með einum eða öðrum hætti. Til að sýna fram á það fékk Kraftur í lið með sér 22 einstaklinga til að stíga fram og deila þeirri reynslu hvernig krabbamein hefur snert þá. Birtar voru myndir af þessum ólíku einstaklingum með sín skilaboð skrifuð á spjald á samfélagsmiðlum sem og öðrum miðlum undir #krabbameinkemuröllumvið. Útbúnar voru sjónvarps- og útvarpsauglýsingar auk þess sem myndirnar voru birtar í dagblöðum, vefmiðlum og á strætisvagnaskýlum. Áttakið hófst formlega með umfjöllun í Kastljósi þar sem fram komu Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri og Kristín Þórsdóttir, varaformaður. Í þættinum var frumsýnt myndband um Kristján Björn Tryggvason og fjölskyldu hans þar sem Kiddi og kona hans Kristín tjáðu sig á einlægum og afdráttarlausan hátt um síðustu mánuði Kidda og með hvaða hugarfari þau tókust á við það sem koma skyldi.

Áttakinu lauk síðan með stórviðburði í Hörpu þann 4. febrúar þangað sem þjóðinni var boðið að mæta og perla armbönd fyrir Kraft og reyna við að slá Íslandsmet í perlun armbanda. Um 3000 manns mættu á viðburðinn og voru tæplega 4000 armbönd perluð. Skemmtikraftarnir Valdimar, Amabadama og Úlfur Úlfur komu fram á perluviðburðinum og Dj. Sóley var kynnis, en þess má geta að hún var eitt af andlitum átaksins. Guðni Th. Jóhannesson heiðraði Kraft

með nærveru sinni og perlaði armbönd með fjölskyldu sinni. Þá lét Ester Amíra 11 ára stelpa raka af sér hárið í Hörpunni þar sem hún hafði safnað áheitum til styrktar félaginu og var búin að ákveða að ef hún myndi ná 100.000 kr. Þá myndi hárið fá að fjúka. Ester gerði gott betur og safnaði um 400.000 kr. fyrir félagið, þannig að hárið fauk í Hörpunni.

Viðburðurinn í Hörpunni heppnaðist afar vel og var það ekki síst öllum þeim fjölda sjálfboðaliða, sem gáfu vinnu sína, að þakka sem og öllum þeim fjölda fyrirtækja og velunnara sem hjálpuðu okkur að láta þetta verða að veruleika.

Perlað með Krafti

Um leið og átakið hófst var hafin sala á nýrri tegund perluarmbanda með sömu áletrun og áður en að þessu sinni í svörtum og metal tónum. Pantaðar voru perlur í 5000 armbönd og náðist að drýgja perlurnar í rúmlega 6000 armbönd. Það er skemmst frá því að segja að öll armböndin seldust upp og á tímabili hafðist ekki undan að perla armbönd upp í pantanir. Stjórnarmeðlimir, fjölskyldur þeirra og ótal sjálfboðaliðar sátu nótt sem nýtan dag við perlun armbanda, þökkun og afgreiðslu þeirra. Ótal fyrirtæki og stofnanir, saumaklúbbar og aðrir hópar í samfélaginu buðust í kjölfarið til að aðstoða Kraft við perlun armbanda og sér enn ekki fyrir endann á beiðnum um að fá að perla armbönd. Þegar þetta er ritað bíða um tíu aðilar eftir að fá að perla armbönd fyrir félagið. Á starfsárinu var meðal annars boðað til perluviðburða á Akureyri, Selfossi, Hvolsvelli, Keflavík og Vogum, svo eitthvað sé nefnt. Þá hafa ótal vinnustaðir óskað eftir að fá að perla fyrir félagið og má þar nefna Velferðarráðuneyti, Dómsmálaráðuneytið, KPMG og Íslandsbanka. Þessi upptalning er langt frá því að vera tæmandi. Þá hafa skólarnir sýnt mikinn áhuga á að leggja málstaðnum lið og hafa ófáir perluviðburðir verið haldnir innana skólanna og núna síðast á þemadögum Hraunvallaskóla þar sem um 700 nemendur perluðu fyrir Kraft. Enn eru ónefnd öll þau “opnu hús” í Skógarhlíð 8 þar sem almenningi er boðið að mæta og perla armbönd. Þá er að hefjast nýtt perluverkefni með Tólfunni, stuðningsmönnum íslenska fótboltalandsliðsins, þar sem armböndin verða perluð í íslensku fánalitunum og seld í aðdraganda að HM í fótbolta. Stór perluviðburður mun verða haldinn á Laugardalsvelli 12. maí þar sem stuðningsmenn íslenska landsliðsins ætla að koma saman og reyna að slá Íslandsmetið í perlun armbanda. Það mun vera sannkölluð þjóðhátíðarstemming í Laugardalnum 12. maí og vonumst við til að sjá sem flesta Íslendinga þar.

Ótrúlegt en satt hafa yfir 10.000 armbönd verið perluð og seld frá því í janúar í fyrra og erum við hjá Krafti sjálfboðaliðum óendanlega þakklát fyrir að taka þátt í þessu með okkur. Því má með sanni segja að þetta perluverkefni hafi verið algjör himnasending fyrir félagið. Vegna umsvifa í kringum fjáröflunarviðburði félagsins sem og sölu í vefverslun ákvað stjórn félagsins að ráða manneskju til starfa í 50-70% starf sem mun koma til með að halda utan um þessi verkefni innan félagsins.

Fjármál og styrkir

Mikil áhersla er lögð á ábyrga fjármálastjórn og ráðdeild í rekstri. Kraftur byggir afkomu sína eingöngu á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Helstu kostnaðarliðir Krafts eru laun og launatengd gjöld fyrir starfsmenn sína þrjá og rekstur sálfræðiþjónustu, stuðningsnetsins og FítónsKrafts. Krabbameinsfélag Íslands hefur frá upphafi styrkt Kraft með endurgjaldslausum afnotum af skrifstofu og fundaraðstöðu, auk annarrar fyrirgreiðslu af ýmsum toga. Það er ómetanlegur stuðningur og færir Kraftur KÍ þakkir fyrir hann. Stærstu styrkir sem bárust á árinu voru 6,8 milljónir frá Fossum, 4,3 milljónir komu í gegnum áheit í Reykjavíkumaraþoninu, 2,7 milljónir söfnuðust vegna sölu á vörum Himneskrar hollustu sem seldar voru í febrúar í fyrra. Aðföng veittu styrkinn. Þá fékk Kraftur 2 milljónir úr Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins til að standa straum af launakostnaði sálfræðings. Þá bar mikið á því að Krafti bærust minni peningagjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum sem langaði að styrkja Kraft og nýta peningana til góðra verka. Meira hefur borið á slíkum gjöfum undanfarið ár og því greinilegt að kynningarstarf Krafts og átök hefur skilað sér inn í hjörtu landsmanna.

Mánaðarlegir styrktaraðilar eru orðnir 608 talsins sem skila félaginu um 918.000 kr. hvern mánuð. Stefnt er það því að mánaðarlegir styrktaraðilar skili félaginu 12 milljónum á þessu ári og geti staðið að mestum hluta undir launum og launtengdum gjöldum félagsins. Kraftur fór af stað með úthringiverkefni með Miðlun þar sem hringt var í þá sem hafa keypt varning í vefverslun félagsins og þeim boðið að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Það verkefni hefur gengið vel og skilað félaginu fjölmörgum nýjum styrktaraðilum.

Vegna aukinnar starfsemi félagsins ákvað Kraftur að kaupa bókhaldsþjónustu af Krabbameinsfélagi Íslands þar sem reikningar félagsins eru bókaðir jafnt og þétt yfir allt árið. Það hefur gert það að verkum að stjórnendur hafa betri yfirsýn yfir einstaka kostnaðarliði félagsins og hvernig rekstur þess gengur. Hefur það verið félaginu til góðs, enda krefst það ábyrgðar að ráðstafa fjármunum félagsins og halda vel utan um bókhald og reikningsskil. Konfektsalan gekk vonum framar í ár og hefur aldrei gengið betur og var ágóði Krafts 2,6 milljónir af þeirri sölu. Ágóði af sölu auglýsinga og styrktarlína í blaðið og þakkaropnu í Fréttablaðinu eftir Reykjavíkumaraþonið nam um 3,8 milljónir.

Það skal áréttað að þessar tölur fylgja tímatali ársreiknings félagsins sem er frá 1. janúar 2017 til 31. desember sama ár. Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi félagsins hér á eftir.

Hagsmunabaráttta

Á starfsárinu hélt Kraftur áfram að beita sér í hagsmunamálum ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þess. Frá því félagið fór að beita sér á þessum vettvangi hefur ýmislegt þokast í rétta átt. Þannig hafa verið innleidd fleiri ný krabbameinslyf og breytingar til hins betra hafa orðið á greiðsluþátttökukerfinu. Enn er þó langt í land að

Íslendingar geti borið sig saman við samanburðarlöndin og mun Kraftur halda áfram að berjast fyrir því og að greiðsluþátttaka almennings verði á pari við hin Norðurlöndin. Þá hefur Kraftur ítrekað bent á bílastæðavanda krabbameinsgreindra við Landspítalann og farið þess á leit að þeir sem mæta reglulega í krabbameinsmeðferð á spítalann fái endurgjaldslaus bílastæði á meðan meðferðin varir.

Hulda Hjálmarsdóttir

Ný rödd

Fullt nafn: Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.

Stofndagur: 20. desember 1980. Félagsmenn: 21

Netfang: nyrodd@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/nyrodd

Stjórn:

Formaður: Ragnar Davíðsson

Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson

Meðstjórnandi: Stefán Kr. Sverrisson

Varamaður: Ómar Einarsson

Endurskoðandi: Jónas Ragnarsson

Endurskoðandi til vara: Gunnjóna Una Guðmundsdóttir

Starfsemi 2017

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfseminni, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítalans, sem og talmeinafræðinga. Félagsfundir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Fulltrúar frá Nýrri rödd hafa í gegnum tíðina sótt norrænnar ráðstefnur systurfélaga sinna á Norðurlöndum þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlislausra auk þess sem rætt er um framfarir í lækningum og aðgerðum sem vænta má á næstu árum.

Aðild Nýrrar raddar að Öryrkjabandalagi Íslands var samþykkt 2015 og er félagið síðan hluti ÖBÍ. Formaður og stjórnarmenn hafa sótt fundi hjá ÖBÍ bæði formannafundi og aðalfund. Þá hefur félagið tekið þátt í gerð myndbands kynningarefnis fyrir ÖBÍ.

Virðingarfyllst

Ragnar Davíðsson

Stómasamtök Íslands

Stofnað: 1980

Fjöldi félagsmanna: 320

Stjórn:

Formaður: Jón Þorkelsson

Ritari: Sigurður Jón Ólafsson

Gjaldkeri: Eva Bergmann

Meðstjórnendur: Inger Rós Jónsdóttir, Jónina Rós Guðfinnsdóttir

Starfsemi:

Starfsárið 2017-2018 var nokkuð hefðbundið hjá félaginu. Haldnir voru sex almennir félagsfundir á starfsárinu og voru þeir sem hér segir:

Almennir félagsfundir voru haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá október til apríl að janúar mánuði undanskildum.

Aðalfundur félagsins var síðan haldinn í maí eins og lög félagsins segja til um.

Ungir stómaþegar hittust nokkrum sinnum óformlega yfir árið.

Innlent samstarf:

Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan KÍ eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Tveir fulltrúar okkar voru síðan á aðalfundi KÍ. Einnig á formaður sæti í stjórn Krabbameinsfélagsins og er formaður nefndar úm úthlutun styrkja úr Velunnarasjóði. Þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund ÖBÍ. Einnig var formaður samtakanna kosinn til setu í kjörnefnd ÖBÍ sjöunda árið í röð.

Haldinn var sameiginlegur fundur með CCU samtökunum í apríl.

Nokkrir félagsmenn samtakanna eru um þessar mundir að taka þátt í námskeiði fyrir aðila í heimsóknarþjónustu okkar og er það í fyrsta sinn í nokkuð langan tíma sem það er gert og orðið nokkuð tímabært.

Erlent samstarf:

Þrjár sending af afskrifuðum stómavarningi fór til Úkraínu en og önnur til Zimbabwe. Einnig aðstoðuðum við sænsku samtökin (ILCO) við frekara starf í Zimbabwe en svíar eru þar með svokallað “twinning project“ í gangi.

Í byrjun október 2017 var Jón Þorkelsson, formaður Stómasamtakanna kjörinn forseti Evrópusamtaka stómaþega, (European Ostomy Association eða EOA) Norrænt þing verður haldið í Helsinki í september næstkomandi og er undirbúningur fyrir það hafinn. Væntanlega taka í það minnsta þrír fulltrúar frá Stómasamtökunum þátt í þinginu

Útgáfumál:

Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út samkvæmt venju, kom út 4 sinnum og er sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is.

Heimasíða samtakanna virkar mjög vel í dag en ef til vill er kominn tími til að huga að breytingum á henni.

Almennt:

Í lok starfsársins voru félagsmenn um 320 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Fyrsta laugardag í október næstkomandi verður Alþjóðlegi stómadagurinn haldinn hátíðlegur sem er gert á þriggja ára fresti. Stórn samtakanna hefur hafið undirbúning fyrir það og mun væntanlega halda veglegan fund fyrsta fimmtudag í október.

Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra

Stofnað: 20. október 1987

Fjöldi félagsmanna: 350

Stjórn:

Formaður: Steinunn H. Friðriksdóttir

Varaformaður: Hólmfríður Friðriksdóttir

Meðstjórnendur: Bryndís Konráðsdóttir, Erna Nielsen, Snorri Ingimarsson, Þrúður

Hjaltadóttir

Starfsemi:

Formaður og varaformaður sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í Reykjavík í maí 2017. Varaformaður sótti formannafund í Borgarnesi í október, formaður og varaformaður sóttu aukaformannafund í Reykjavík í febrúar. Fjáröflun var í september með aðstoð Lionsfélaga í Eir. Salan gekk vel, seldir voru pennar og bílaþvottapokar með merki Krabbameinsfélagsins. Einnig voru seld í desember jólakort með myndum eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur listmálara. Fundir eru haldnir annan mánudag í mánuði frá september og fram í maí, kl. 17:00. Þrátíu ára afmælisfundur var haldinn í október og jólafundur var í desember. Félagar í Styrk tóku þátt í árlegri sæluviku sem haldin var á Löngumýri í Skagafirði í júlí 2017.

Steinunn Helga Friðriksdóttir.

Engar skýrslur bárust frá Krabbameinsfélagi Norðausturlands og Krabbameinsfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðar en upplýsingar um að þar hefði ekki verið starfsemi. Skýrslur bárust heldur ekki frá stuðningshópunum Framför og Ristilfélaginu.